

# tíund

FRÉTTABLAÐ RÍSK DESEMBER 2005

Alþjóðaskattarétturinn  
og fleira ...

Skattastjórnsýsla  
á Norðurlöndunum

Luca Pagioli  
og ársreikningarnir

Álagning Tögaðila 2005

# STÓRFYRIR Stórfyrirtækjaeining



INDRIÐI H.  
ÞORLÁKSSON

Atvinnulífið og starfsemi fyrirtækja hefur tekið stórfelldum breytingum á síðustu árum. Alþjóðavæðing, samþjöppun eignarhalda, flókin eignatengsl og margt fleira gerir það að verkum að viðfangsefni skattyfirvalda eru nú með allt öðrum hætti en þau voru fyrir fáum árum. Á það ekki síst við um samskipti þeirra við skattaðila með umfangsmikla og fjölbreytta starfsemi og fyrirtæki með beina eða óbeina aðild að starfsemi erlendis.

Hvort sem um er að ræða þjónustu við þessi fyrirtæki eða eftirlit með skattskilum þeirra er mikilvægt að því verkefni sé sinnt með sem bestum hætti. Það skiptir þessi fyrirtæki miklu að geta fengið með öruggum og skjótum hætti álit og mat skattyfirvalda á skattalegum álitamálum og það er mikilvægt fyrir þau að almenningur treysti því að starfsemi þeirra sé að fullu í samræmi við skattalög. Góð þjónusta við þau og virkt eftirlit með skattamálum þeirra er hagsmunamál fyrir þau, atvinnulífið og almenning í landinu.

Skattyfirvöld eru falið miðað við hinn mikla fjölda skattborgara og verkefna sem þau þurfa að sinna og æ fleiri og flóknari úrlausnarefni og þurfa að hagræða í starfsemi sinni eins og kostur er. Víða hefur verið brugðist við með endurskipulagningu á starfsemi skattyfirvalda, aukinni verkaskiptingu og sérhæfingu innan þeirra. Í flestum löndum Evrópu og víðar hefur þjónusta og eftirliti með stórfyrirtækjum og fyrirtækjum með erlend tengsl verið komið fyrir í einni eða fáum einingum innan skattkerfisins sem annast þessi samskipti óháð því svæðaskipulagi sem til staðar kann að vera að öðru leyti.

Sú starfseining, sem sinnir þessum málum, þarf að uppfylla kröfur langt umfram það sem almennt er til staðar innan skattkerfisins. Hún þarf að hafa aðgang að bestu sérfræðingum á sviði skattaréttar, bæði vegna þjónustu sem veita þarf og vegna flókinna álita- og úrlausnarmála sem upp koma við eftirlit. Hjá henni eiga að starfa færustu endurskoðendur og eftirlitsmenn sem standa jafnfætis þeim sem starfa á þessum vettvangi í atvinnulífinu eða eru þar til ráðgjafar og hún verður að búa yfir þekkingu og tækjum til að nýta bestu tækni sem völ er á svo sem rafræna endurskoðun bókhaldsgagna. Hún á að hafa aðgang að miðlægum gagnabönkum skattkerfisins og kunnáttu til að nýta þá í störfum sínum og vera í góðum tengslum við erlend skattyfirvöld vegna upplýsingaskipta milli landa.

Þetta eru miklar kröfur og því skiljanlegt að í öðrum löndum hafi einungis fáar sérhæfðar einingar verið byggðar upp til að sinna þessum verkefnum. Jafnvel þótt um milljónaþjóðir sé að ræða er geta skattyfirvalda til að sinna verkefnum sínum háð takmörkuðu fjármagni og kröfur gerðar um hagkvæmni. Eins er samkeppni um hæfan mannafla mikil. Þetta á ekki síður við hér á landi og því væri æskilegt að skapa hér forsendur til að starfrækja einingu innan skattkerfisins, sem væri sérhæfð í að þjónusta og hafa eftirlit með stórfyrirtækjum og að sinna alþjóðaskattlagningu.

# Efnisyfirlit

2

Leiðari  
Indriði H. Þorláksson

5

Alþjóðaskattarétturinn og fleira ...  
Maríanna Jónasdóttir  
hjá fjármálaráðuneyti

8

Skattastjórnsýsla  
á Norðurlöndunum  
Indriði H. Þorláksson

13

Verkefnin fjöl-  
breytt og krefjandi  
Friðleifur Jóhannsson

15

Starfaði að skatta-  
málum í hartnær 60 ár

16

Luca Pagioli og  
ársreikningarnir  
Jóhannes Hraunfjörð  
Karlsson

20

Opinber gjöld  
lögaðila 2005  
Páll Kolbeins

24

Dómur Hæstaréttar  
frá 9. september 2005 í  
máli nr. 344/2005  
Anna Dóra Helgadóttir

25

Mólar og  
upplýsingatafla

27

Af vettvangi  
skattaréttar  
Anna Dóra Helgadóttir

30

Skattlagning  
erlendis  
Guðrún Ásta  
Sigurðardóttir

32

Þjónustulund  
Ingibjörg Eiríksdóttir

## Alþjóðaskattarétturinn og fleira...



Marianna Jónasdóttir hefur starfað sem skrifstofustjóri tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá árinu 1999. Í viðtali sem birt er á bls. 5 fjallar hún um alþjóðaskattaréttinn, gerð tvísköttunar-samninga og fleiri áhugaverð verkefni sem heyrna undir verksvið tekju- og laga-skrifstofu.

## Skattastjórnsýslan á Norðurlöndum

Á skattstjórnumfundum sem haldinn var á Ísafirði í lok ágúst sl. flutti Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri erindi þar sem hann fjallaði um skattastjórnsýslu á Norðurlöndunum og hvernig hún hefur þróast síðustu ár. Erindi Indriða er birt á bls. 8.




## Luca Pagioli og ársreikningarnir



Í þessari grein tekur Jóhannes Hraunfjörð til umfjöllunar Luca Pagioli sem vann sér það til frægðar fyrir rúmum 500 árum að vera höfundur að debet og kredit eða að því sem kallað er tvíhliða bókhald. Fróðleg og skemmtileg grein, sjá bls. 16.

## Álagning lögaðila 2005

Að vanda hefur Páll Kolbeins tölfræði á takteinum um opinber gjöld og að þessu sinni fjallar hann um nýafstaðna álagningu lögaðila. Sjá bls. 20.



# tíund

FRÉTTABLAÐ RSK · DESEMBER 2005

Ríkisskattstjóri |  
Laugavegi 166 | 150 Reykjavík  
sími: 563 1100 | fax: 562 4440  
rsk@rsk.is | www.rsk.is

FRÉTTABLAÐ RSK · 3. TÖLUBLAÐ · 19. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 1700 EINTÖKUM  
ÚTGEFANDI: RSK  
ÁBYRGÐARMADUR: INDRÍÐI H. ÞORLÁKSSON  
RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR  
PRÓFÖRK: HREFNA EINARSDÓTTIR, INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR  
LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.F.L.  
HÖNNUN OG UMBROT: ANNA P. GUÐMUNDSDÓTTIR  
PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VÍÐEY

FJÓLMIÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNÍ BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

# Hvað þarf **ég** að vita um skatta?

**Winnur þú  
í fríum?**

**Hvað er  
frítekjumark?**

**Áttu skattkort?**

**Er til  
barnaskattur?**

**Er skattur  
af bílum?**

**Til hvers  
borgar  
maður  
skatta?**

**Kíktu á [rsk.is](http://rsk.is) og smelltu á**



**Á skólavef [rsk.is](http://rsk.is) eru hagnýtar upplýsingar fyrir skólafólk og aðra unglinga**

# Alþjóðaskattarétturinn og fleira ...

Marianna Jónasdóttir hjá fjármálaráðuneyti

Tekju- og lagaskrifstofa fjármálaráðuneytis hefur með höndum marga stóra málaflokka og m.a. þá sem snúa að skattamálum landsmanna. Þar fer fram undirbúningur að stefnumótun og lagasetningu um skattamál og er það býsna stór málaflokkur þegar á allt er litið. Þessari skrifstofu stýrir Marianna Jónasdóttir og hefur gert síðan snemma árs 1999. Marianna útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1981 og má með sanni segja að mest allan sinn starfsferil hafi hún starfað í hringið efnahagsmálanna með áherslu á skattamálin. Hér fer á eftir viðtal við Mariönnu um störfin í dag og einnig hvers við megum vænta í nánustu framtíð.

## Hvenær komst þú til starfa hjá fjármálaráðuneytinu?

Ég starfaði hjá Þjóðhagsstofnun eftir stúdentspróf 1975 og til haustsins 1977 þegar ég hóf háskólanám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Ég vann raunar áfram hjá Þjóðhagsstofnun

samhliða náminu og síðan að námi loknu allt fram til haustsins 1987. Frá hausti 1987 fram á vor 1988 hafði ég stuttan stans hjá Verðbréfamarkaði Iðnaðarbankans, en það fyrirtæki var einskonar forveri Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka. Þrátt fyrir að ýmislegt

spennandi væri að gerast á íslenskum fjármálamarkaði á þessum tíma toguðu efnahagsmálin og "stóru stærðirnar" alltaf í mig og því ákvað ég mörgum til mikillar undrunar að snúa til baka til hins opinbera. Hinn 1. júlí 1988 byrjaði ég hjá fjármálaráðuneytinu á skrifstofu sem hét hagdeild sem síðan breyttist í efnahagsskrifstofu.

Þar starfaði ég samfelld til ársins 1997 þegar ég fór til Brussel og starfaði þar tímabundið sem fulltrúi fjármálaráðuneytisins. Það var ótrúlega lærdómsríkur tími. Það var svo í byrjun árs 1999 að ég sótti um starf skrifstofustjóra tekju- og lagaskrifstofu. Ég tók við því starfi 1. mars 1999 af Indriða H. Þorlákssyni, núverandi ríkisskattstjóra.



## **Þegar þú tókst við þessu starfi, var það eitthvað sem þér fannst erfitt að takast á við í byrjun?**

Ef til vill væri réttast að byrja að velja því fyrir sér hvers vegna ég sóttist eftir þessu starfi yfirhöfuð. Megin ástæðan fyrir því var kannski sú að á þessari skrifstofu var mjög mikið verið að sýsla með skattamál. Að vísu starfa þar helst lögfræðingar, en sjálf er ég viðskiptafræðingur og því er frumvarpa- og laga-smíð ekki mín sérgrein. Hins vegar hef ég unnið mjög mikið við skattamál, bæði á Þjóðhagsstofnun og á efnahagsskrifstofu, þá aðallega út frá efnahagslegu sjónarhorni. Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á skattamálum og því fannst mér mjög spennandi að taka við stjórn skrifstofu þar sem fjallað væri um þau frá öllum hliðum. Það var því til-  
tölulega auðvelt fyrir mig að detta inn í starfið sem slíkt. Það sem var erfiðast, og um leið mestu viðbrögðin fyrir mig, var að fara úr starfi sérfræðings yfir í starf stjórnanda. Starfið sem ég gegni hér á tekju- og lagaskrifstofu er vita-skuld fyrst og fremst stjórnunarstarf og það hefur komið mér á óvart hversu skemmtilegt og gefandi það getur verið þó það sé vissulega erfitt á stundum.

## **Nú hefur þú gegnt þessu starfi um nokkurra ára skeið, finnst þér starfið hafa breyst á þessum tíma?**

Það hefur auðvitað heilmikið breyst á þessum tíma og mörg stór mál á sviði skattamála hafa farið í gegn. Ef ég á að taka eitthvað eitt fram yfir annað þá dettur mér fyrst í hug sú mikla breyting sem hefur orðið á skattlagningu fyrirtækja, henni hefur í reynd verið umbylt í mjög jákvæða átt að mínu mati. Vitaskuld hafa þær breytingar skapað ákveðið vandamál, þá á ég við ef menn eru að horfa á skattlagningu einstaklinga annars vegar og skattlagningu fyrirtækja hins vegar. Á sama tíma hefur þetta gert skattkerfið einfaldara og auðveldara viðfangs og um leið hefur dregið úr tilhneigingu til undandráttar því há skattlutföll og alls konar sérreglur eru hvati til undandráttar.

En það sem hefur verið að gerast nú

á allra síðustu árum, sem við hér á tekju- og lagaskrifstofu finnum mikið fyrir, eru þessi auknu alþjóðlegu samskipti, eða "alþjóðavæðingin" svokallaða, sem smeygir sér inn í nær öll viðfangsefni okkar. Þar getum við t.d. tekið sem dæmi áhrif EES samningsins á íslenska skattkerfið. Þrátt fyrir þá staðreynd eða kannski frekar fullyrðingu að skattar heyri ekki undir EES-samninginn, þá er það nú samt þannig að hafa verður ýmislegt í EES réttinum, einkum samkeppnis- og ríkisstyrkjareglurnar, að leiðarljósi við mótun og undirbúning skattabreytinga. Þó íslensk stjórnvöld hafi fullan sjálfsákvörðunarrétt yfir því hvernig skattkerfið okkar er uppbyggt, þá getum við ekki byggt það upp þannig að það brjóti gegn almennum samkeppnissjónarmiðum.

Tökum sem dæmi lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin, sem sett voru 1999 og nú eru til meðferðar hjá EFTA dómstólnum. Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu að þau lög brytu í bága við ákvæði EES-samningsins og þeim bæri að breyta. Þetta þýðir í raun að við erum ekki eins frjáls og áður varðandi uppbyggingu á okkar skattkerfi, einkum þegar við erum að tala um ívilnanir. Einnig má taka dæmi frá þeim tíma þegar við vorum með frádrátt vegna hlutabréfakaupa. Þegar sá frádráttur var tekinn upp þá miðaðist hann við íslensk hlutabréf, því íslensk stjórnvöld vildu jú styðja við bakið á innlendum atvinnurekstri. Íslensk stjórnvöld fengu athugasemd frá ESA út af þessu ákvæði sem taldi að þarna væri á ferðinni ákveðin mismunun á milli innlendra og erlendra fyrirtækja. Þessu ákvæði var síðan breytt þannig að það tæki bæði til erlendra og íslenskra fyrirtækja. Sem sagt, aðild okkar að EES samningnum gerir það að verkum að þegar verið er að skoða breytingar á skattalöggjöfinni þarf að gæta þess að misstíga sig ekki varðandi meginreglur hans um frjálst flæði vara, þjónustu, vinnuafis og fjármagns.

Svo er það íslenska útrásin, en íslensk fyrirtæki eru að hasla sér völl nánast út um allan heim, sem er raunar mjög aðdáunarvert. Það gerir það að verkum að við erum að fást við öðruvísi

spurningar og skattaleg álitaefni í dag en fyrir örfáum árum síðan. Spurningar sem snúa að alþjóðaskattaréttinum eru vissulega mun flóknari viðfangs en þær sem snúa að þeim innlenda og krefjast meiri yfirsýnar. Til að geta svarað þeim þarf sérfræðingurinn að átta sig á hvernig málin snúa að öðrum ríkjum og þá þarf jafnvel að grandskoða skattkerfi hlutaðeigandi ríkja sem oft reynist nokkuð flókið viðfangsefni. Skattlutföllin segja nefnilega ekki alla söguna, það að eitt ríki leggur á 18% tekjuskatt og annað leggur á 30% skatt, þarf ekki endilega að þýða að skattbyrðin sé léttari í því ríki sem leggur á 18% skattinn. Það eru svo margir aðrir þættir sem skipta máli sem kallar á að kafað sé dýpra í hlutina þegar aðrar þjóðir eiga í hlut. Á hinn bóginn má aldrei gleyma því að innlendi skattarétturinn mótar grunnreglurnar og skiptir því í raun mestu máli, alþjóðavinkillinn er bara viðbót.

Með alþjóðavæðingunni koma eðlilega upp kröfur af hálfu íslenskra fyrirtækja um að það sé reynt að greiða fyrir viðskiptum þeirra við önnur lönd, t.d. með gerð tvísköttunarsamninga í því skyni að forða því að íslenska fyrirtæki, sem er að reyna að koma undir sig fótum í öðru landi með stofnun dótturfélags, lendi í því að tekjur greiddar til móðurfélagsins séu skattlagðar í báðum ríkjum. Þessar kröfur verða sífellt áleitnari eftir því sem íslensk fyrirtæki fara víðar.

## **Eru einhver ríki sem þið óskið sérstaklega eftir að ná tvísköttunarsamningum við umfram önnur?**

Já, það má segja að meginlínan sem við höfum fylgt á undanförunum árum varðandi gerð tvísköttunarsamninga, hafi verið sú að búa til tvísköttunarsamninganet í kringum OECD ríkin. Við erum komin langt í því og eigum einungis örfá ríki eftir. Það ríki sem efst er á blaði er Japan, en það er mjög mikilvægt fyrir okkur. Við höfum mikil viðskipti við Japan, en þar höfum við ekki tvísköttunarsamning þrátt fyrir nokkrar tilraunir okkar til að koma af stað viðræðum. Við höfum átt með þeim

óformlegan fund, en það hefur ekki náð lengra í bili.

Af OECD ríkjunum eigum við eftir að ná samningum við Japan, Tyrkland, Ástralíu og Nýja Sjáland og af þessum ríkjum skiptir Japan mestu máli fyrir okkur. Það verður auðvitað að segjast eins og er, að hjá þeim ríkjum sem við viljum gjarnan gera tvísköttunarsamning við, er ekki í öllum tilvikum gagnkvæmur vilji fyrir hendi. Það er einfaldlega vegna þess að við erum lítil þjóð og þó íslenskt fyrirtæki hafi hafið starfsemi í Japan eða í Ástralíu, þá er það eitthvað sem skiptir þessar þjóðir sáralitlu máli á meðan eitt fyrirtæki getur skipt heilmiklu máli fyrir okkur. Smæðin flækist því gjarnan fyrir okkur í þessari vinnu.

### Hvernig fer þessi samningsgerð fram?

Gerð tvísköttunarsamninga getur oft á tíðum verið langt ferli og fer í sjálfu sér eftir því hversu ólík skattkerfi samningsríkjanna eru. Bæði ríkin hafa yfirleitt komið sér upp ákveðinni samningsfyrirmynd og langflest ríki sem við semjum við eru með svokallaða OECD fyrirmynd. Þegar samningsfyrirmyndir ríkjanna eru líkar þá þarf kannski ekki nema tvo til þrjá fundi til að ljúka samningagerðinni og í einhverjum tilfellum höfum við lokið samningum á einum fundi.

En þar með er ekki öll sagan sögð því oft á tíðum tekur lengstan tíma að hefja viðræðurnar. Áður hafa átt sér stað miklar bréfaskriftir í því augnamiði að finna tíma og yfir höfuð að koma á einhverjum grundvelli fyrir viðræður. Oftast erum það við sem sækjum á, frekar en að einhverjir séu að sækjast eftir viðræðum við okkur. Það tekur stundum nokkur ár að ná eyrum tiltekins ríkis.

En það eru líka dæmi þess að ríki sækist eftir samningsviðræðum við

okkur. Má þar nefna Indland sem dæmi en fyrsta samningafundi með þeim er nýlokið. Sömuleiðis hafa ýmis Austur-Evrópuríki komið að máli við okkur með ágætis árangri.

Tvísköttunarsamningur er alþjóðasamningur og utanríkisráðuneytið ber stjórnsýslulega ábyrgð á gerð alþjóðasamninga. Það má segja að fjármálaráðuneytið taki að sér gerð tvísköttunarsamninga vegna eðlis þeirra en að samningsgerðinni sjálfri lokinni fer þetta í formlegan farveg hjá utanríkisráðuneytinu, reyndar með aðkomu fjármálaráðuneytisins, það þarf að þýða samningana o.s.frv. Ríkin þurfa síðan að skiptast á fullgildingarskjölum áður en í reynd er hægt að fara að beita samningunum.

### En burtséð frá alþjóðamálunum, eru einhver sérstök verkefni á borði tekju- og lagaskrifstofu sem þér eru hugleiknari en önnur?

Ef við lítum aðeins á þau verkefni sem eru á ábyrgðarsviði tekju- og lagaskrifstofu þá eru þau vissulega mjög fjölbreytileg. Ég hef komið inn á tvísköttunarmálin og annað sem alþjóðaskattaréttinum tengist og það eru mjög spennandi verkefni. Það eru líka mörg mál hér innandyra sem að mínu mati eru ekki síður spennandi og þar er þó einn málaflokkur sem ég vil sérstaklega nefna en það eru lífeyrismálin. Þau standa mér nærri vegna þess að ég hef verið stjórnarmaður í Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og raunar einnig í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. Eftir því sem ég skoða meira þennan málaflokk því heillaðri verð ég af honum. Þá á ég ekki bara við út frá sjónarhorni einstaklingsins sem getur verið stoltur af því að við höfum byggt upp svona gott kerfi og

höfum lagalega umgjörð sem margar þjóðir öfunda okkur af, heldur er þetta verkefni ekki síður spennandi út frá efnahagslegum sjónarmiðum. Lífeyrissjóðirnir eru geysilega sterkt afl í efnahagslífinu því þarna eru gríðarlegir fjármunir. Það er ljóst að lífeyrissjóðirnir eru orðnir mjög eftirsóttir fjárfestar og geta haft heilmikil áhrif í samfélaginu stærðarinnar vegna. Ég verð að viðurkenna, að ef ég horfi fram hjá skattamálunum almennt og alþjóðamálunum sem hafa vissulega talsvert vægi, þá myndi ég segja að lífeyrismálin væru mér mjög hugleikin.

### Að lokum, er eitthvað sérstakt framundan í skattamálunum sem þú vilt nefna?

Jú, ég get nefnt að nú nýlega hefur fjármálaráðherra ákveðið að setja á fót nefnd til að taka skattkerfið almennt til skoðunar. Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með þeirri vinnu og þar verður trúlega skoðað sérstaklega hvað er að gerast hjá öðrum ríkjum og hvernig við stöndum í samanburði við þau. Að mínu mati stöndum við mjög vel að vígi hvað varðar skattlagningu fyrirtækja, þar erum við með einfalt og gott kerfi. Sama má raunar segja um skattlagningu einstaklinga, þar sem kerfið er mjög einfalt og skilvirkt, ef frá eru talin barnabóta- og vaxtabótakerfin sem eru afar flókin. Á hinn bóginn verður ekki framhjá því horft að munurinn milli skattlagningar tekna hjá fyrirtækjum annars vegar og tekna einstaklinga hins vegar hefur eins og ég nefndi áður skapað ákveðin vandamál sem þarf að taka á. Ég ímynda mér að það hljóti að verða eitt af verkefnum áðurnefndrar nefndar að skoða það samspil.



# SKATTASTJÓRNSÝSLA... skattastjórnsýsla...



INDRIÐI H.  
ÞORLÁKSSON

## á Norðurlöndunum

- Eitt stjórnvald, eitt stjórnsýsluumdæmi -

Erindi flutt á skattstjórafundi 2005 á Ísafirði með lítils háttar breytingum

Skipulag skattastjórnsýslu á Norðurlöndum hefur lengi verið með svipuðum hætti þótt hvert og eitt land hafi sín sérkenni og frávik. Þetta stafar eðlilega af því að verkefni skattfirvaldanna eru hliðstæð og þau byggja í flestu á sameiginlegri stjórnsýsluhefð. Verkefni skattfirvalda á öllum Norðurlöndunum má greina í nokkra megin þætti. Þau fara með túlkun á skattalögum, kynningu á þeim fyrir almenning og sjá um samræmi í skattframkvæmd. Þau veita gjaldendum þjónustu og stunda þá gagnavinnslu sem nauðsynleg er vegna starfa þeirra við álagningu gjalda o.fl. Þá fara þau með eftirlit með því að lögunum sé framfylgt með réttum hætti og eftir atvikum stunda þau skattrannsóknir þ.e. rannsóknir á meintum brotmálum. Á flestum Norðurlandanna sjá skattfirvöld einnig um innheimtu skatta og sums staðar eru þeim falin önnur verkefni, svo sem að halda þjóðskrá, fyrirtækjaskrá og fleira sem tína mætti til. Auk þessara megin verkefna eða til að framkvæma þau hafa þau með höndum umfangsmikil stoðverkefni sem nauðsynleg eru, svo sem á sviði upplýsingatækni og samskipta.

Stofnanaskipan skattastjórnsýslu á Norðurlöndunum hefur mörg sameiginleg einkenni. Í öllum löndunum má finna miðlæga stofnun sem annast m.a. samræmingu og þjónustar aðrar stofnanir með ýmsum hætti. Í öðru lagi hefur í öllum löndunum verið að finna svæðisbundnar stofnanir sem annast skattlagningu og þjónustu við skattborgara á tilteknu fyrirfram afmörkuðu svæði. Í

þriðja lagi má finna miðlægt úrskurðarvald í ágreiningsmálum um skatta. Fyrir utan þessa megin drætti finnast ýmis afbrigði um skipan tiltekinna verkefna, svo sem skatteftirlits, eftirlits með stórfyrirtækjum og erlendri starfsemi, rannsókn skattalagabrota og því sem þeim tengist.

Hinar svæðisbundnu stofnanir hafa hingað til verið með tvennum hætti fyrst og fremst. Annars vegar er um að ræða sveitarfélög sem mynduðu þá stjórnsýslueiningu þar sem skattlagningin fór fram. Þróun hefur verið frá þessu fyrirkomulagi yfir í það að skilgreina stærri skattastjórnsýsluumdæmi, þótt enn megi finna dæmi um þátt sveitarfélaga á þessum vettvangi sem nánar verður vikið að hér síðar. Einkenni þessarar skiptingar í stjórnsýsluumdæmi er á margan hátt stækkuð mynd af sveitarfélagaskilgreiningunni einkum að því leyti að hverju umdæmi fylgir ein stofnun sem fer með skattastjórnsýsluna fyrir alla þá sem taldir eru búsettir í viðkomandi umdæmi.

### Skipan skattastjórnsýslu í einstökum löndum

Helstu einkenni stofnanaskipunar skattamála á Norðurlöndunum með tilvísun í framangreint er þessi: Í Finnlandi er miðlæg stofnun, Skattestyrelsen í Helsinki. Landinu er síðan skipt upp í 8 skattumdæmi, hvert með sína aðal-skattstofu sem fer með álagningu og skatteftirlit í umdæmi. Innan umdæmisins eru síðan nokkrar skattstofur sem

veita ýmis konar þjónustu þó þær fari ekki með formlegt álagningarvald. Þessar stofnanir annast einnig skattinnheimtu. Auk þessa starfar í landinu ein stórfyrirtækjaskattstofa sem tekur til þess alls og sér um skattlagningu stórfyrirtækja og um erlenda starfsemi.

Í Noregi er miðlæg stofnun, Skattedirektoratet. Noregur sker sig úr hvað Norðurlönd varðar með því að þar eru þrjú stig skattastjórnsýslunnar. Til viðbótar við Skattedirektoratet eru skattstofur í fylkjunum 19 sem fara með leiðsögn og eftirlit með starfsemi álagningastofanna og skatteftirlit. Álagningastofurnar þ.e.a.s. þær stofnanir sem sjá um álagningu skattanna eru 99 talsins en þær hafa einnig með höndum framfærslu þjóðskrár. Innheimta skatta er hins vegar í höndum sveitarfélaganna sem í Noregi eru á milli þrjú og fjögur hundruð. Auk þessa almenna kerfis starfa þrjár miðlægar skattstofur undir Skattedirektoratet sem taka til alls landsins þ.e. olíuskattstofan, stórfyrirtækjaskattstofan og alþjóðaskattstofan.

Svíþjóð hefur eins og Finnland losað öll tengsl við sveitarfélagaskipan. Þar er miðlæg stofnun, Riksskatteverket, og átta svæðisbundnar skattstofur sem sjá um álagningu hver í sínu umdæmi. Innan umdæmanna eru síðan staðbundnar þjónustustofnanir. Innheimta skatta í Svíþjóð hefur verið aðskilin frá skattkerfinu og er hjá sérstökum stofnunum, Kronofodgen.

Í Danmörku var skipan skattstofnana til 1. nóvember sl. svolítið frá-



brugðin því sem var á hinum Norðurlöndunum vegna þeirrar ákvörðunar Dana að sameina skatt- og tollheimtu. Þar starfar miðlæg stofnun, Told og skattestyrelsen sem auk miðlægra samræmingarstarfa annast álagningu og eftirlit með stórfyrirtækjum. Þá voru í Danmörku átta toll- og skattumdæmi, sem sjá um virðisaukaskatt og toll, bæði álagningu og innheimtu. Bein skattarnir, álagning þeirra og innheimta, var hins vegar í höndum sveitarfélaga, sem í Danmörku eru 271 enn sem komið er, og fara þau einnig með eftirlit að því frátöldu að eftirlit með rekstraraðilum er undir yfirstjórn Told og skat, sem samið hefur við tiltekin sveitarfélög um framkvæmd þess.

### **Endurskipulagning skattastjórnsýslunnar á Norðurlöndum**

Á hinum Norðurlöndunum nema Finnlandi hefur á síðustu árum verið unnið að endurskipulagningu skattastjórnsýslunnar, bæði innra skipulagi hennar og ytra. Þær breytingar sem gerðar hafa verið eða eru í burðarliðnum eru fyrir ýmsar sakir merkilegar og endurspeglar þá þróun sem verið hefur á síðustu árum. Greina má þar áhrif af aukinni tæknivæðingu og framþróun í upplýsingatækni, breyttum viðhorfum til samskipta yfirvalda og borgara og áherslu á hagkvæmni og skilvirkni í opinberri starfsemi. Meginþættir í þeim breytingum sem unnið er að í Noregi, Svíþjóð og Danmörku eru þessir:

#### **Noregur**

Í Noregi hefur staðið yfir það sem þeir kalla Reorganisering af skatteataten.(ROS) Á fundi ríkisskattstjóra Norðurlanda í byrjun júní var greint frá því að skýrsla embættisins um þetta efni væri væntanleg síðar í mánuðinum. Helstu breytingarnar væru að skattastjórnsýslunni verði breytt úr þriggja þrepa stjórnsýslu yfir í tvö stjórnsýslustig. Í öðru lagi sé líklegt að gerð verði tillaga um fimm eða sex umdæmi. Í þriðja lagi



að miklar tilfærslur yrðu á milli stofnana í þeim tilgangi að auka sérhæfingu og skilvirkni og samræma eftirlit. Gera mætti ráð fyrir fækkun starfa hjá Skattedirektoratet, þ.e.a.s. hinni miðlægu stofnun og ennfremur að kæruleiðir yrðu einfaldaðar og kærustigum fækkað. Þessar tillögur færu fyrst í umfjöllun innan skattkerfisins og stefnt væri að því að leggja tillögur fyrir fjármálaráðuneytið um þetta efni fyrir n.k. jól.

Auk þessara breytinga væri stöðugt unnið að öðrum breytingum sem

styddu þessa þróun. Þannig væri kerfið í stöðugri aðlögun með tilflutningi verkefna og með aukinni sérhæfingu. Nefna má að fjórar skattrannsóknæiningar innan kerfisins voru settar upp á fyrri hluta ársins 2005 og eins væri unnið að breytingum sem nauðsynlegar væru til samræmingar, m.a. launa- og starfsmannakerfi og sameiginlegu bókhaldskerfi fyrir stofnanir skattkerfisins.

#### **Svíþjóð**

Í Svíþjóð, sem var fyrst Norðurlanda til

Þess að taka upp stór skattaumdæmi, er nú unnið að stórbreytingu. Sú breyting er fyrst og fremst fólgin í því að gera alla skattastjórnsýsluna að einu stjórnvaldi og þar með að afnema sérstök stjórnsýsluumdæmi, án þess þó að leggja niður dreifða starfsemi skattsins. Skatteverket í Svíþjóð sem tók til starfa sem ein stofnun 1. janúar 2004 leysir af hólmi Ríksskatteverket og hinar 8 svæðisbundnu skattstofur og hefur síðan verið að breyta og próa starfsemi sína á breyttum forsendum. Áformað er að hvað grundvallaratriði varðar eigi breytingarnar einnig að ná til innheimtu skatta en ekki er enn afráðið hvort hún verður felld inn í Skatteverket eða starfi sem sjálfstæð eining. Frá 1. janúar 2006 verða umdæmamörk í innheimtu afnumin og stoðkerfi skattkerfisins eiga að þjóna innheimtunni.

Vinna við endurskipulagningu starfseminnar í Svíþjóð samkvæmt þessum meginlínium er nú í fullum gangi. Skipulagningin tekur nú ekki til einnar einingar heldur stofnunar sem starfar í mörgum einingum á mörgum stöðum. Hverri einingu er ætlað tiltekið hlutverk og ábyrgð á því. Gert er ráð fyrir að starfs-umdæmunum fækki á næstu árum í 6 eða 7. Að gerðum þessum breytingum verður í Svíþjóð eitt stjórnvald (Skatteverket) í einu stjórnsýsluumdæmi með eina höfuðstöð og 45 skattstofur í 6-7 starfsumdæmum. Verkefnum er skipt milli þessara eininga eftir eðli þeirra en ráðast ekki af landafræði.

Sem dæmi um skipan verkefna má taka réttarsvið Skatteverket, þ.e. þau verkefni sem lúta að skattalögum, túlkun þeirra og hvers kyns lagalegum úrlausnum. Réttarsviðið starfar í fjórum einingum með 18 sérfræðingahópa, skipuðum 3-6 mönnum hver, auk sérstakra eininga fyrir almenna lögfræði og rannsóknir. Þessir hópar starfa á 21 stað í landinu. Annað dæmi er stórfyrirtækjaskattstofan. Þótt skipulagslega sé um að ræða eina einingu starfar hún á fimm stöðum í landinu sem valdir eru m.t.t. staðsetningar stórra fyrirtækja.

## Danmörk

Í Danmörku hefur um nokkurt skeið verið í gangi breytingaferli sem ekki er síður lærdómsríkt. Þótt forsendur þar í landi hafi verið allt aðrar en í Svíþjóð virðist lausnin um margt lík hvað grundvallaratriði varðar. Upphaf breytinganna má rekja til starfa svokallaðrar "struktuurkommission", sem sett var á laggirnir í tengslum við síðustu stjórnarskipti og hefur það hlutverk að koma með tillögur um endurskipulagningu opinberrar þjónustu í þeim tilgangi að gera hana einfaldari og skilvirkari. Tóku verkefni hennar m.a. til skipunar sveitarfélaga og skipulags skattkerfisins. Sú vinna tók mikinn kipp og nýja stefnu þegar fyrsta "benchmarking" skýrsla norrænu ríkisskattstjóranna kom út. Í henni kom Danmörk ekki vel út hvað beina skatta varðar, einkum í samanburði við Svía. Ákváðu þeir því að gera róttækar breytingar á skipulagi skattframkvæmdar. Fara þeir í aðalatriðum svipaða leið og Svíar. Öll stjórnsýsluleg tengsl við sveitarfélög eru afnumin og beinu skattarnir settir að fullu undir umsjón ríkisins svo og innheimta skatta.

Megineinkenni hins nýja fyrirkomulags í Danmörku eru að ein stjórnsýslustofnun (Skat) er ábyrg fyrir öllum sköttum, gjöldum og innheimtu þeirra. Engin landfræðileg stjórnsýslumörk eru dregin og landið því allt eitt stjórnsýsluumdæmi. Því er skipt upp í 5 starfsumdæmi með alls 30 skattamiðstöðvum sem annast þjónustu innan þeirra og eftir atvikum utan þeirra líka. Höfuðstöðvarnar fara með yfirstjórn alls kerfisins og annast stoðverkefni fyrir allt kerfið svo sem tölvumál, fjármál og starfsmannamál svo og rekstur gagnabanka, greiðslumiðstöðvar og innheimtumiðstöðvar. Þær sinna einnig sérverkefnum sem talið er hentugra að vinna á einum stað svo sem álagningu og eftirliti með stórfyrirtækjum.

## Eitt stjórnvald, eitt stjórnsýsluumdæmi

Þegar litið er til þessara breytinga og

þær bornar saman við það skipulag skattastjórnsýslu sem til þessa hefur verið við lýði á Norðurlöndunum má glögg sjá nokkrar grundvallarbreytingar og að skipulagið er nú mótað af breyttum sjónarmiðum. Megineinkenni sem benda má á, eru að aðeins eitt stjórnvald er fyrir allt landið, að landið er allt eitt stjórnsýsluumdæmi, að starfseminni er dreift á margar starfseiningar víða um landið og að verkefnaskipting milli þeirra ræðst ekki af landamerkjum heldur eðli verkefna og hagkvæmni.

Eitt stjórnvald og eitt stjórnsýsluumdæmi felur í sér að stjórnsýslulega er það einn aðili sem fer með ákvarðanavald í öllu landinu. Engin stigskipting stjórnvalda er við lýði og engin umdæmamörk til staðar. Ennfremur er skattstjórnsýslustjórnvaldinu í þessum löndum falin framkvæmd á öllum skattalögum og öllum þáttum þeirra svo sem þjónustu, álagningu og eftirliti svo og innheimtu, þótt í Svíþjóð sé ekki endanlega ákveðið um form þeirrar starfseminni. Þá er skattyfirvöldum oft falið að sinna öðrum málefnum eftir því sem hentugt þykir.

Þrátt fyrir að aðeins sé um eitt stjórnsýsluumdæmi að ræða er starfseminni dreift og skilgreind eru starfssvæði sem virðast byggð á hagkvæmnissjónarmiðum en ekki er um eiginleg stjórnsýsluumdæmi að ræða. Á hverju slíku starfssvæði starfa svo nokkrar skattstofur eða skattamiðstöðvar. Þannig að þrátt fyrir að aðeins sé um að ræða eitt stjórnvald og eitt stjórnsýsluumdæmi er í hinu nýja skipulagi lagður grundvöllur að dreifðri starfsemi og komið til móts við þau sjónarmið að opinberri starfsemi eigi að dreifa sem mest um landið.

Megindrættirnir í verkefnaskipan stofnana eru að til staðar verða höfuðstöðvar sem fara með hlutverk yfirstjórnar, skipulagningar o.s.frv. Þær sjá einnig um sameiginleg verkefni, svo sem tölvakerfi og önnur stoðverkefni sem þjóna öllu kerfinu og einstök sér-

verkefni sem æskilegt er talið eða þörf er á að séu unnin miðlægt svo sem stórfyrirtækjaeftirlit, skattrannsóknir o.fl. Það að höfuðstöðvarnar fari þannig með ákveðin mál þýðir hins vegar ekki að þau séu öll unnin í höfuðstöðvunum. Þannig gera Danir ráð fyrir að tölvupjónustan verði að verulegu leyti staðsett á Jótlandi og Svíar skipuleggja stórfyrirtækjaeftirlit með þátttöku fjögurra starfseininga sem staðsettar eru þar sem flest stórfyrirtækin hafa aðsetur.

Verkefni skattstofanna/skattamiðstöðvanna verða í stórum dráttum svipuð og nú, almenn þjónusta við skattborgara, álagningarvinna o.fl. Það er hins vegar ekki svo að starfseiningin sinni endilega öllum málum fyrir ákveðið svæði. Sumum málum er ekki sinnt á hverri skattstofu og í sumum tilvikum gæti verið að veitt sé þjónusta eða starfað fyrir allt landið. Þannig getur starfseiningin sinnt tilteknum sérverkefnum eða verið þátttakandi í sameiginlegum verkefnum fleiri eininga.

Meginatriði hins nýja skipulags í Danmörku og Svíþjóð er sú ákvörðun að hafa aðeins eitt stjórnvald og eitt stjórnsýsluumdæmi. Ákvörðun um eitt stjórnvald er rökstudd með því að slíkt sé í þágu borgaranna og fyrirtækjanna og hafi í för með sér sömu meðhöndlun allra, eins málsmeðferð og samræmda lagaframkvæmd. Þá feli eitt stjórnvald í

sér að vinnu megi skipuleggja án tillits til staðsetningar og slíkt hafi í för með sér aukið samræmi og meiri skilvirkni. Eitt stjórnsýsluumdæmi er svo aftur rökbundin afleiðing af því að hafa eitt stjórnvald og forsenda skilvirkrar skipulagningar og starfs.

Meginhugsun þessara skipulags-hugmynda er að líta á skattframkvæmd í viðtækum skilningi sem eina heild og skipuleggja hana með almenn og heildstæð sjónarmið í huga en láta ekki formleg eða landfræðileg atriði koma í veg fyrir það að sem bestur árangur náist. Markmið skattyfirvalda er að tryggja rétta og samræmda skattheimtu, óháða búsetu og óháða því hver framkvæmir hana. Markmið skattyfirvalda er að veita sem besta þjónustu og þá skiptir ekki máli hver veitir hana. Markmið skattyfirvalda er einnig skilvirkni sem ekki næst nema með sveigjanleika í dreifingu verkefna á starfsfólk og nýtingu á aðföngum. Þessum markmiðum er erfitt að ná nema hægt sé að haga verkaskiptingu þannig að ná megi fram nauðsynlegri sérhæfingu, að komist verði hjá tvi-  
verknaði og að samskipti innan stjórnvaldsins séu sem einföldust.

Auk þessara lykilþátta, eitt stjórnvald og eitt stjórnsýsluumdæmi, eiga þessi skipulagslíkön það sameiginlegt, að sameina hjá einu stjórnvaldi sem

flesta þeirra starfsþátta sem snerta skattlagningu. Þannig fer þetta stjórnvald í Danmörku, Svíþjóð og Noregi eftir atvikum með rannsókn skattabátta-  
ar í brotamálum, innheimtu skatta, íbúaskráningu, búskipti, erfðafjárskatt o.fl. Með þessum verkefnum til viðbótar við hefðbundna skattframkvæmd skapast möguleikar á að byggja upp starfsemi og þjónustu utan höfuðstöðvanna, einkum í dreifbýlinu, í stærri og lífvænlegri einingum en nú er.

Hér hefur í meginatriðum verið lýst breytingum á skattastjórnsýslu á Norðurlöndum og dregið fram það helsta sem einkennir þær. Það er ekki unnt að fullyrða að breytingar sem þessar og forsendur þeirra eigi að öllu leyti við hér á landi. Það er hins vegar ljóst að þróun í skattframkvæmd, kröfur til skattyfirvalda, viðhorf til opinberrar stjórnsýslu og samskiptatækni svo eitthvað sé nefnt hefur tekið gífurlegum breytingum hér á landi á undangengnum áratugum líkt og í nágrannalöndum okkar. Því verður að ætla að það sem þar er að gerast og þau sjónarmið sem hjá þeim búa að baki eigi fullt erindi hingað til lands þegar þar að kemur að það skipulag skattastjórnsýslu sem lagður var grunnur að fyrir hart nær hálfri öld verður tekið til endurskoðunar.



## Forskráning á skattframtöl 2006

Undirbúningur fyrir framtalsgerð og álagningu á næsta ári er nú í fullum gangi hjá embætti ríkisskattstjóra. Stefnt er að ýmsum nýmælum við forskráningu á skattframtöl o.fl. sem ætluð eru til að auka þjónustu við viðskiptamenn skattkerfisins, bæði almenning og fagframteljendur. Helstu nýmælin eru eftirfarandi:

1. Forskrá upplýsingar um skuldir einstaklinga frá öllum fjármálastofnunum, þ.e. bönkum, sparisjóðum, lífeyrissjóðum, tryggingafélögum, lánasjóðum, búsetafélögum o.fl.
2. Í samstarfi við banka gefist einstaklingum kostur á að senda nauðsynlegar upplýsingar vegna framtalsins úr vefbanka sínum yfir í vefframtalið með einfaldri aðgerð.

3. Stóraukin þjónusta á komandi árum í sambandi við hlutabréfaeign og viðskipti með þau. Á næsta ári verði nýr reitur á skattframtali einstaklinga til að skrá kaupverð hlutabréfa sem mun auðvelda útreikning söluhagnaður við sölu hlutabréfa. Jafnframt er stefnt að því að forskrá af hlutafjármiðum upplýsingar um hlutabréfaeign í lok árs, arðgreiðslur og greiddan fjármagnstekjuskatt.

Embætti ríkisskattstjóra hefur sett sér það markmið að fyrir árið 2010 verði öflun upplýsinga til forskráningar á skattframtöl orðin nægjanleg til þess að meira en helmingur framteljenda geti lokið framtalsgerð sinni með undirritun framtalsins einni eða með minni háttar breytingum á því.

# Þarftu að vita meira um skatta á Norðurlöndum



**Nordisk eTax**

Vælg sprog  
Vælg tungumál  
Vælg språk  
Valitse kieli  
Välj språk  
Choose language

**Verið velkomin**

Nordisk eTax er fyrir þá, sem eru búsettir í einu norrænu ríkjanna, en hafa tekjur eða eiga eignir í einhverju öðru þeirra.

Nordisk eTax var þróað í samstarfi við norrænu ráðherranefndina og skattayfirvöld í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Íslandi, en skattayfirvöldin bera sameiginlega ábyrgð á innihaldinu.

Hvaða land viltu fá upplýsingar um?

**Ef þú stundar nám eða vinnu erlendis,**  
færð lífeyrisgreiðslur frá öðru landi eða átt þar eign,  
þá þarf að huga að skattareglunum.

**Reglur sem gilda um þessi mál**  
á Íslandi, í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð  
er að finna á Nordisk eTax.

**Einnig almennar upplýsingar**  
um flutning, skráningu, framtal, skattkort,  
almannatryggingar og fleira.

**Skýr og einföld framsetning - og allt á íslensku**  
Einnig er hægt að senda inn fyrirspurnir um skattamál

# Verkefnið fjölbreytt og krefjandi

Friðleifur Jóhannsson

Friðleifur Jóhannsson hefur ákveðið að láta af störfum eftir þrjátíu og fimm ára starf hjá embætti ríkisskattstjóra. Friðleifur hefur skrifað margar greinar í Tíund enda hefur hann komið mikið að undirbúningi að lagasetningu um skattamál. Að þessu sinni báðum við hann um að setja á blað það sem honum er helst minnisstætt frá starfsárunum og fer það hér á eftir.

„Ég byrjaði að vinna hjá ríkisskattstjóra 12. október 1970 á afmælisdaginn minn þegar ég var tuttugu og sex ára. Ég hafði þá lokið námi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Þá var ríkisskattstjóri til húsa að Reykjanesbraut 6, það heitir reyndar Skógarhlíð í dag og þar er Sýslumaðurinn í Reykjavík nú með skrifstofur.

Ef ég man rétt þá voru einungis ellefu starfsmenn á þessum tíma. Það er kannski ekki alveg rétt að segja að ég hafi starfað hjá ríkisskattstjóra í upphafi því á þessum tíma má segja að ég hafi starfað fyrir ríkisskattnefnd, en Sigurbjörn Þorbjörnsson var ríkisskattstjóri og jafnframt formaður ríkisskattnefndar. Ævar Ísberg var vararíkisskattstjóri og varaformaður nefndarinnar, Kjartan Jóhannesson var deildarstjóri og þetta voru mínir helstu lærifeður á þessum árum.

Starf mitt á þessum tíma var að undirbúa úrskurði fyrir nefndina, en undir-



búningurinn fólst í því að fara yfir kærur og gera tillögur að úrskurðum.

Árið 1973 voru gerðar miklar breytingar sem fólust í því að ríkisskattnefnd var aðskilin ríkisskattstjóraembættinu. Eftir það var starfið sem snéri að málaafgreiðslu fyrst og fremst fólgið í því að afgreiða það sem við köllum skatterindi. Á þessum árum barst gífurlegur fjöldi mála til afgreiðslu hjá embættinu og við vorum með langan hala af óafgreiddum málum. Skattar voru greiddir eftirá, mikil verðbólga geisaði og þetta var allt annað skattaumhverfi en við búum við í dag. Það má segja að á þessum tíma hafi embætti ríkisskattstjóra og skattakerfið í heild verið að mótast og þá sérstaklega að því er varðar verkaskiptingu.

Þó að mestur tími hafi farið í málaafgreiðslu þá voru mörg önnur verkefni sem þurfti stöðugt að sinna. Við komum mikið að gerð skattalagafrumvarpa auk hefðbundinna starfa eins og gerð leiðbeininga o.þ.h. Það voru miklar breytingar á skattalögum, skattlagning á einstaklinga gjörbreyttist og má þar t.d. nefna skattlagningu hjóna og afnám frádráttarliða. Hjá rekstraraðilum var tekin upp verðbólguleiðrétting, en á þessum tíma var Ísland eina landið sem tók upp þá aðferð, sem reyndar hefur nú verið afnumin. Að stofni til voru þetta lög frá 1978, seinna lög nr. 75/1981. Þetta kallaði á mikla vinnu við endurhönnun skattframtala, eyðublaða og leiðbeininga eins og gefur að skilja. Þetta var skemmtilegur tími, það má



Friðleifur gegndi starfi forstöðumanns tekjuskattsskrifstofu um nokkurra ára skeið. Þessi mynd er frá þeim tíma og er tekin á yfirstjórnarfundum. Frá vinstri: Kristján Össur Jónasson, Friðleifur, Jón H. Steingrímsson, Ragnar Gunnarsson, Guðrún Helga Brynleifsdóttir, Steinþór Haraldsson og Garðar Valdemarsson.

segja að breytingar hafi stöðugt legið í loftinu, enda tók hver stórbreytingin við af annarri, upptaka staðgreiðslu, virðisaukaskattur, fjármagnstekjuskattur og allir þekkja auðvitað þær gífurlegu breytingar sem hafa orðið með allri þeirri vélrænu vinnslu sem hefur þróast hratt síðustu ár.

Stærsta breytingin var eflaust upptaka staðgreiðslunnar 1987 og það var mikil stemmning í kringum það í þjóðfélaginu. Allt þurfti að gerast mjög hratt og þegar upp var staðið má segja að einstaklega vel hafi tekist til. Skúli Eggert Þórðarson, sem nú gegnir stöðu skattrannsóknarstjóra, starfaði þá sem rekstrarstjóri ríkisskattstjóra og var hann mikil driffjöður í því verkefni og það var mjög skemmtileg reynsla að taka þátt í þeirri miklu kynningarherferð sem lagt var upp í, en við fórum t.d. um allt land og héldum kynningarfundum.

Ég var settur skattstjóri á Ísafirði í nokkra mánuði á árinu 1991 og var það mjög lærdómsríkur tími fyrir mig. Þar fékk ég aðra sýn á verkefni og þurfti að læra hlutina hratt því ég tók við starfinu rétt fyrir álagningu. Á meðan ég gegndi því starfi hafði Garðar Valdemarsson, sem þá hafði tekið við em-

bætti ríkisskattstjóra af Sigurbirni, samband við mig og fór þess á leit að ég tæki að mér að veita forstöðu nýju endurskoðunarviði, en það var einn liður í skipulagsbreytingum sem verið var að gera hjá ríkisskattstjóra. Reyndar starfaði það svið ekki lengi og ég tók við forstöðu tekjuskattsskrifstofu 1993 og var þetta svið þá sameinað henni ásamt fleiri breytingum sem þá voru gerðar á skipuriti embættisins. Ég gegndi starfi forstöðumanns þeirrar skrifstofu til ársins 1999 þegar ég óskaði eftir að láta af því starfi af heilsufarsástæðum. Frá þeim tíma hef ég starfað sem ráðgjafi og fengið ýmis sérverkefni til úrlausnar auk þess sem ég hef gegnt starfi setuskattstjóra.

Á þessum 35 ára starfsferli mínum eru auðvitað mjög mörg verkefni sem ég hef komið að og ótal vinnuhópar og nefndir sem ég hef átt sæti í eða starfað fyrir. Ég vil sérstaklega nefna nefnd sem vann að upptöku fjármagnstekjuskatts, nefnd sem vann að endurskoðun reglugerðarinnar um tekjuskatt og síðast en ekki síst störf tengd lögum um kvótamál en undirbúningur að þeirri lagasetningu krafðist mikillar vinnu á sínum tíma. Svo má ekki

gleyma fræðslustarfinu en ég hef komið mikið að því og þá kannski mest á þeim tíma sem námskeiðahaldið var í mótun hjá embættinu. Það kom auðvitað helst í hlut okkar eldri og reyndari starfsmanna að sjá um að leiðbeina og vil ég þar nefna auk mín þau Steinþór og Hrefnu. Á þessum árum höfðum við enga reynslu af því að kenna og þetta var auðvitað erfitt og krefjandi en þó fyrst og fremst líflegt og skemmtilegt svo að ég tali nú ekki um hvað þetta var lærdómsríkt.

Ég hef nú ákveðið að láta af störfum og það má til sanns vegar færa að mitt ævistarf hefur verið helgað skattakerfinu, ef frá er skilið stutt tímabil snemma á níunda áratugnum þegar ég reyndi fyrir mér í öðru starfi. Þó ímynd skattýfirvalda hafi kannski ekki verið nægilega jákvæð í gegnum tíðina þá verður ekki annað sagt en þar hefur verið gott að starfa, enda verkefni fjölbreytt og krefjandi og ég hef fengið tækifæri til að kynnast og vinna með mörgu góðu fólki.



# STARFAÐI AÐ SKATTAMÁLUM Í HARTNÆR 60 ÁR



Jón Zophoníasson hóf störf á Skattstofunni í Reykjavík 1947 að loknu námi í Samvinnuskólanum. Hann lauk starfsferli sínum hjá embætti ríkisskattstjóra 15. september sl. þegar hann varð áttæður. Í hartnær 60 ár starfaði Jón með einum eða öðrum hætti í þágu skattyfirvalda. Jón var frumkvöðull í hagnýtingu upplýsingatækni hér á landi. Hann var í fremstu röð þeirra sem nýttu vél- og tölvutækni í þágu stjórn-sýslu hér á landi. Hann vann m.a. að fyrstu gerð vélvæddrar þjóðskrár og undirbjó fyrstu vélvinnslu framtala og álagningar.

Þrátt fyrir langa starfsævi staðnaði Jón ekki í verki eða hugsun og var virkur í þróun nýjunga allt fram á

síðasta starfsdag. "Það er allt hægt" var hann vanur að segja þegar ný úrlausnarefni voru borin upp. Fumlaus tók á verkefnunum, nákvæm greining á eðli þeirra og tilgangi og skapandi hugsun einkenndu verk hans og gerðu honum kleift að standa við þau orð.

Embætti ríkisskattstjóra og samstarfsmenn Jóns kvöddu hann með samkomu 22. september sl. og þökkðu honum langt og farsælt samstarf og einstaklega góða viðkynningu.

Jón Zophoníasson andaðist 16 október sl. og var kvaddur með mikilli virðingu og vináttu við jarðarför 26. október.

Indriði H. Þorláksson



# LUCA PACIOLI

# Luca Pacioli

## og ársreikningarnir



JÓHANNES  
HRAUNFJÖRÐ  
KARLSSON

**„Nei, því fer fjarri; þökk sé minni gæfu,  
mín verzlun flýtur ekki á einum kili  
í eina höfn, né heldur er mitt gengi  
lagt undir hagnað þessa eina árs;  
svo ekki er hryggð mín kaupskapnum að kenna“**

William Shakespeare: Kaupmaðurinn í Feneyjum. I.1.41  
Þýðing Helga Hálfðanarsonar, Rvík 1975

Sögusviðið sem Shakespeare valdi leikriti sínu er háborg viðskiptalífsins á Endurreisnartímanum. Þar iðar allt af lífi og mikil uppsveifla í öllum atvinnugreinum. Við slíkar aðstæður hagnast sumir óeðlilega hratt. Í stuttu máli fjallar leikritið um vonbiðil, vin hans og gyðing einn, þá féлага Bassaníó, Antóníó og Sælökk. Sagan hverfist um þriggja þúsunda dúkata lán, sem á að gera Bassaníó kleift að stunda áfram lífveri uppans og giftast hinni fögru Portsíu. Hann slær okurlánarann um téða upphæð og vinur hans, stórkaupmaðurinn Antóníó, lætur eitt pund af eigin holdi í pant. Sælökk er að vísu efins um ágæti kjötsins og segir:

**„Eitt pund af holdi manns,  
úr manni skorið,  
er ekki verðmætt eða  
söluhæft  
sem kjöt af nauti, kind  
ellegar geit“.**

Leikritið er ritað um 1600 en gerist nokkru fyrr og lýsir umhverfi viðskiptalífsins í Feneyjum af mikilli þekkingu og innlfun, svo mjög að Markowitz staðhæfir að ekki sé nóg með að Shakespeare hafi haft næman skilning á

dreifðri eignaraðild, heldur hafi hann skilið grundvöll þess útreiknings sem liggur að baki dreifðri eignaraðild á verðbréfasafni. Um það vakna að vísu nokkrar efasemdir eftir því sem líður á leikritið, en látum það liggja milli hluta.

Á þessum tíma rak kirkjan skólana og voru þeir sniðnir að þörfum hennar. Í háskóla fóru ekki aðrir en þeir sem vildu læra til prests, flestir voru yngri synir aðalsmanna. Elsti sonurinn erfði bæði titil og jörð. Þeir sem yngri voru gerðu sér vonir um gott brauð. Með vaxandi verslun jókst þörf atvinnulífsins á menntuðu fólki. Kaupmenn þurftu að kunna að leggja saman upphæðir, draga frá, margfalda og deila, fyrir utan kynstrin öll af gjaldeyrisútreikningum. Þetta var hvergi kennt. Háskólanám fór fram á latínu eins og messurnar, en verslun og viðskipti fóru fram á mállysku heimamanna. Fyrstu námsbækurnar í verslunarreikningi verða til af brýnni þörf og er höfunda ekki getið. Þetta eru eins konar lausblaðabækur fullar af sýnidæmum. Elstu varðveittu kennslubækurnar í verslunarreikningi eru einmitt kenndar við þorpið Treviso skammt frá Feneyjum.

Merkilegasta ritið er vafalítið Summa de Arithmetica, Geometrica,

Proportioni et Proportionalitia eftir Luca Pacioli, en þar kemur fyrst fram á prenti útskýring á tvíhliða bókhaldi, en það er grundvöllur allra reikningsskila í dag eins og alkunna er.

Luca Pacioli fæddist í San Sepulcro árið 1445 og lést líklega þar árið 1523. Hann gerðist snemma munkur og stærðfræðikennari og kenndi í öllum helstu borgum Ítalíu. Í Milanó kynntist hann m.a. Leonardo da Vinci, sem skemmti hirðkonum með gamanmálum og tók virkan þátt í samkvæmislífinu. Þeim varð vel til vana og myndskreytti Leonardo eina af bókum hans.

Summa de Arithmetica kom út árið 1494. Þar tekur Luca Pacioli saman í eina bók allar helstu stærðfræðireglur og aðferðir sem notaðar voru í verslun og viðskiptum. Bókhaldshlutinn einn (De computis et scripturis) er einir 36 kaflar og var á næstu hundrað árum þýddur á a.m.k. fimm tungumál.

Hafa skal í huga að bókhald er fyrst og fremst tæki til að veita þeim sem stendur í rekstri yfirsýn yfir hann, en jafnframt upplýsir bókhaldið lána-drottina um reksturinn. Þetta hefur ekkert breyst öldum saman. Hins vegar hefur bókhald þróast ört í gegnum tíðina, auk þess sem kröfur lanadrottina og skattyfirvalda eru alltaf að aukast.

Á þeim tíma þegar Luca Pacioli gaf út Summa de Arithmetica var sjaldnast nauðsyn á nákvæmu bókhaldi. Eigandi verslunarinnar vissi nákvæmlega hvað hann bar úr býtum og hverjir skulduðu honum hvað. Með auknum viðskiptum jókst þörfin á betri sýn yfir reksturinn. Þá var farið að halda skrá yfir hvað hver viðskiptavinur lagði inn í verslunina og hvað hver tók út. Bókhaldið var þá fært





í tvær bækur, journal eða dagbók og höfuðbók. Í journalinn færði kaupmaðurinn allar færslur jafnóðum og þær áttu sér stað en í höfuðbókina voru heildarviðskipti hvers og eins færð inn og hafði hver viðskiptavinur eina síðu í höfuðbókinni með öllum sínum færslum. Þegar kaupmaðurinn vildi fá nákvæmar upplýsingar um stöðuna gat hann gert eignar- eða birgðatalningu og borið saman tvö tímabil, þ.e. dregið skuldlausu eign í upphafi tímabils frá skuldlausri eign í lok sama tímabils. Ekki var neitt fast uppgjörstímabil. Kaupmaðurinn gerði slíka talningu þegar honum þóknaðist. Þetta var svokallað einfalt bókhald.

Einfalt bókhald veitir eingöngu upplýsingar um það hvoru megin við núllið fyrirtækið er rekið, en ekki hvað er vel eða illa gert í rekstrinum eða hvers vegna. Þá kemur til kasta Luca Pacioli sem kynnti tvíhliða færslur, debet og kredit, fyrst til sögunnar í áður nefndu

verki sínu. Samkvæmt Luca Pacioli hafa hver viðskipti áhrif á tvo reikninga. Í sinni einföldustu mynd er tvíhliða bókhald tvær bækur, dagbók eða journal, og höfuðbók eða kladdi. Í journalinn voru allar færslur gerðar jafnóðum og þær bárust, hvort sem um var að ræða venjuleg viðskipti eða sjóðfærslur. Sjóðbókin kom til síðar þegar journalnum var skipt í tvær bækur, dagbók og sjóðbók. Færslurnar voru svo færðar reglulega yfir í kladdann á viðeigandi stað. Debet-færslur voru færðar vinstra megin, en þær vísa til útgjalda, og kredit-færslur hægra megin, en þær vísa til ráðstöfunarfjár. Einfalt var að gera kladdann upp, því dálkarnir debet og kredit eiga að sýna sömu niðurstöðu. Út frá þessum færslum var efnahagsreikningurinn og hagnaðaryfirlitið gert og niðurstaðan sýndi að:

$$\text{Fjármagn fyrirtækisins} = \text{skuldir} + \text{eigið fé}$$

Þetta tvíhliða bókhald varð undirstaða bókhalds stærri fyrirtækja. Gísli Gunnarsson, prófessor, rannsaði og endurskoðaði öll tiltæk bókhaldsgögn einokunarkaupmanna í doktorsritgerð sinni, en megnið af bókhaldi 17. aldar brann í einhverjum þeirra eldsvoða sem herjuðu á Kaupmannahöfn. En nákvæmt bókhald verslunarinnar 1743-1759 og 1764-1787 er til staðar eins og það var upphaflega gert í Kaupmannahöfn. Samkvæmt rannsókn Gísla var hér um að ræða mjög fullkomið tvíhliða bókhald. Journalinn og sjóðbókin voru í einni bók, sjóðdagbók, og höfuðbókin skiptist í marga reikninga, eins og vænta mátti hjá svo stóru fyrirtæki, t.d. Handlings Omkostninger, almennum kostnaðarreikningi, og Fournitour Account, innflutningsreikningi til Íslands. Þá notfærðu þeir sér hagnaðaryfirlit, Gevinst- og Forlust-Regning, almennan rekstrarreikning og Copmagniets Avancered Fond, nokkurs konar

efnahagsreikning. Að auki var rituð sérstök yfirlitsbók sem byggðist á höfuðbókinni, Saldeer- og Balanceer-Bog þar sem finna mátti auðveldlega heildarmynd af stöðunni frá ári til árs.

Með tilskipun konungs 13. júní 1787 var verslunin gefin frjáls og allt umhverfi hennar endurskoðað. Verslunarfélög hurfu og með þeim fullkomið tvíhliða bókhald.

Stofnaðir voru sex kaupstaðir: Reykjavík, Grundarfjörður, Ísafjörður, Akureyri, Eskifjörður og Vestmannaeyjar, og máttu menn eingöngu versla á því svæði sem tilheyrði viðkomandi kaupstað. Samkvæmt 17. og 18. grein tilskipunarinnar skyldu kaupmenn láta húsbónda hvers heimilis í té viðskiptamannabók. Á fyrstu síðu skyldi skrá nafn húsráðanda. Í gegnum bókina skyldi dreginn innsiglaði svo og áritaði. Fyrsta örkin kostaði fjóra skildinga en næstu arkir þar á eftir tvo skildinga hver. Menn máttu hafa eins margar arkir og þeir vildu í bókinni. Greiðslunni var ætlað að standa straum af kostnaði við pappír og vax og skiptu sýslumaður og kaupmaður henni með sér. Þessar bækur geymdu menn sjálfir og fóru með til kaupmannsins, þegar þeir áttu erindi í kaupstaðinn. Hann færði í bókina mál, vigt, einingarverð og samtölu hvort sem var í kredit eða debet og lét eigandanum bókina í té aftur og var nokkurs konar afreikningur. Í lok viðskiptaárs skyldi kaupmaðurinn gera bókina upp og skrifa stöðu viðskiptamannsins á nýjan reikning.

Þessar bækur voru á dönsku og nýttust Íslendingum sem sönnunargagn ef í odda skarst milli þeirra og kaupmanna, eða eins og segir þegar hreintungumenn vildu að þær yrðu hafðar á íslensku:

**„að þessir menn noti þær ekki að eins til að hafa eptirlit með viðskiptum við kaupmennina, heldur líka sem sönnun gegn kröfum þeirra“**

Raunar héldu einokunarkaupmenn einnig viðskiptamannabækur og virðist

vera að þær hafi verið geymdar á Íslandi. Þær hafa allar glatast nema þær bækur sem skráðar voru fyrir tímabilið 1759-1763, þá var verslunin rekin fyrir reikning konungs, en svo vill til að önnur bókhaldsgögn vantar einmitt fyrir það tímabil. Þær hafa sennilega verið fluttar til Kaupmannahafnar um 1764 til að auðvelda innheimtu skulda til konungs sem nýir handhafar verslunarinnar tóku að sér að innheimta. Hins vegar voru engin ákvæði um það að viðskiptamannabækur einokunartímans væru opnar íslenskum viðskiptavinum enda voru þær hrein eign kaupmanna.

Í fyrstu tekjuskattslögunum 1877 var aðeins tekið fram hvernig ætti að finna nettótekjur fyrirtækja og hvað teldist til þeirra. Þar segir m.a.:

**„Verði tekjurnar af verzluninni eigi fundnar með því að rekja árangurinn af öllum kaupum og sölum þann tíma, er um er að tefla, og þá farið eptir aðalsummu þeirri, er þá kemur út, er tilgreina skal hinar skattskyldu tekjur, á að fara eptir því, hvort fje það, er lagt hefir verið í verzlunina, hefir aukizt eða minnkað á árinu“**

Síðan er talið upp hvaða kostnað kaupmaðurinn megi draga frá tekjunum svo finna megi hreinar tekjur verslunarinnar. Meðal þeirra pósta var leiga á húsnæði, kostnaður til viðhalds áhöldum, kostnaður við kaup og sölu á vörum o.s.frv., og er í reynd verið að lýsa einföldu bókhaldi, án þess að neinar bókhaldsbækur væru lögboðnar.

Með lögum nr. 46 árið 1909 er notkun verslunarbóka lögfest og giltu þau fyrir öll fyrirtæki nema bændur og trillukarla sem ekki voru bókhaldsskyldir. Í lögunum eru nefndar fjórar bækur sem skylt var að færa: frumbók eða dagbók, sjóðbók, höfuðbók og bréfabók. Í frumbókina skyldi færa öll lánsviðskipti jafnóðum og þau færu fram og fá viðskiptavinum afrit. Í sjóðbók skyldi færa allar staðgreiðslur, í höfuðbók skyldi hver viðskiptavinur hafa reikning og við-

skiptin færð þar eins og í frumbókinni eða samanlögð upphæð þeirra, og í bréfabókina skyldi færa samrit bréfa viðvíkjandi viðskiptunum og snerti bókfærsluna ekki beint. Bókhaldið skyldi því færð samkvæmt reglum um einfalt bókhald.

Menn voru frekar óhressir með þessi lög, og þótti refsingin við að falska bókhaldið of hörð. Samkvæmt 7. grein laganna varðaði tveggja ára fangelsi upp á vatn og brauð að falska bókhald. Ný lög voru samþykkt tveimur árum síðar (53/1911). Áðurnefnd grein var þó ekki tekin út, heldur bætt við fleiri valkostum í viðurlögum við slíkum brotum. Lágmarksrefsing var tveggja króna sekt, en hámarkssekt hundrað krónur fyrir ítrekuð brot.

Með lögum um hlutafélög nr. 77 árið 1921 varð skylt að gera „reikning yfir tekjur og gjöld hlutafelags ár hvert og efnahagsreikning svo tímanlega, að hann verði endurskoðaður áður en ársfundur er haldinn“ og með skattalögunum 1921 urðu reglur um fyrningu eigna mun ítarlegri en áður. Fyrning lausamuna var reiknuð út samkvæmt formúlunni: (a-c)/b þar sem a er upphaflegt verð, b endingarárin og c er niðurfærða verðið. Jafnframt skyldu öll félög sem skylt var að halda verslunarbækur, láta árs- og efnahagsreikning fylgja framtali sínu.

Árið 1926 voru sett lög um löggilta endurskoðendur. Samkvæmt þeim voru gerðar miklar kröfur til endurskoðenda. Þeir máttu t.d. ekki gegna starfi sem ósamrýmanlegt var endurskoðunarstarfinu og misstu löggildinguna ef mannorð þeirra flekkaðist. Þá skyldu þeir sæta sömu refsingum og sýslunarmenn fyrir brot í starfi.

Hérlendis gekk lögfesting tvíhliða bókhalds ekki þrautalaust fyrir sig. Frumvarp þessa efnis hafði verið lagt fyrir þingið tvisvar áður en það varð að lögum árið 1938. Skúli Guðmundsson, atvinnumálaráðherra, lagði frumvarpið fram og sagði að það hefði verið sent til helstu fyrirtækja og stofnana landsins. Flestar athugasemdir þeirra voru teknar til greina áður en frumvarpið var lagt fram. Hann gæti þó alls ekki fallist á athugasemd frá Félagi löggiltra endur-

skoðenda og frá Verzlunarráðinu, um að afnema bæri ákvæðið um tvíhliða bókhald. Þess má geta að einn þeirra sem skrifaði undir álit löggiltra endurskoðenda var Jón Guðmundsson, ríkisendurskoðandi. Thor Thors, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, tók undir málflytning endurskoðenda og Verzlunarráðs, og sagði m.a. um tvíhliða bókhald:

**„Þetta bókfærsluform ryður sér nú mjög til rúms, og býst ég við, að innan fárra ára verði það hið eina bókhald, sem tíðkað verður. En það er engin ástæða til að gera ráð fyrir því enn sem komið er“**

Jafnframt taldi Thor að kunnátta í tvíhliða bókhaldi væri ekki fyrir hendi í landinu. Þá fannst honum tvíhliða bókhald fela í sér mikinn kostnaðarauka fyrir fyrirtækin. Að vísu var undanþáguheimild í frumvarpinu frá gerð slíks bókhalds, en það var á valdi lögreglustjóra hverju sinni að veita undanþáguna og taldi hann það ekki nóg. Jafnframt fannst honum óþarfi að hérlendis væri strangari löggjöf en í Svíþjóð og Danmörku, en þar var notkun tvíhliða bókhalds ekki lögboðin. Skúli Guðmundsson, atvinnumálaráðherra, var sjálfur kaupmaður með próf frá Verzlunarskóla Íslands og hafði mikla bókhaldspekkingu. Hann sagði löggjöfina frá 1911 löngu úr sér gengna og að flest stærri fyrirtækin héldu tvíhliða bókhald. Löggin breyttu litlu fyrir þau. Honum væri hins vegar vel kunnugt um stór verslunarfyrirtæki sem eingöngu fylgdu lagabókstafnum og færðu bókhaldið miðað við reglur um einfalt bókhald. Í reynd var þó lítil ágreiningur meðal þingmanna og varð frumvarpið að lögum 1938, eins og áður sagði.

Bók Luca Pacioli, Summa de Arithmetica, leggur grunninn að kapítalískri hugsun. Með notkun tvíhliða bókhalds gátu menn fylgst með rekstri fyrirtækja sinna á vísindalegan hátt. Þeir vissu nákvæmlega hvar skórinn kreppti að og hvar var svigrúm til athafna. Þeir gátu brugðist við hættum sem steðjuðu

að rekstrinum áður en í óefni var komið. Notkun tvíhliða bókhalds gerði líka allan rekstur gagnsæri en áður hafði verið. Mun auðveldara var fyrir hluthafa að átta sig á rekstrinum og reka óhæfa stjórnendur. Þá gerði notkun tvíhliða bókhalds allt skattefirlit mun skilvirkara en áður.

Núorðið fjalla viðskiptablöðin mest um áhrif debet og kredit. Fyrirsagnirnar nefna afdrif fyrirtækja á borð við Enron, WorldCom, Refco og ótal fleiri. Listinn er endalaus. Allt snýst um efnahagsreikninginn sem Luca Pacioli fann upp á sínum tíma, og þótt menn krefjist ekki

lengur fullum fetum eins punds af holdi í pant, þá er drengskapur endurskoðandans æ þyngri á metunum...


**Helstu heimildir:**

- Alþingistiðindi B, 1911 og 1921.
- Dillard, Dudley: Economic Development of the North Atlantic Community. Historical Introduction to Modern Economics. New Jersey 1967.
- Gisli Gunnarsson: Upp er boðið Ísaland. Einkunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787. Rvík 1987.
- Lovsamling for Island V, 1784-1791. Khöfn 1855.
- Poitras, Geoffrey: The Early History of Financial Economics 1478-1776. From Commercial Arithmetic to Life Annuities and Joint Stocks. Edward Elgar, Cелtenham 2000.
- Tíðindi um stjórn málefni Íslands. II. 1865-1869. Khöfn 1870

# Erfðafjárskýrsla á nýju RSK-formi

Fyrir rúmu ári síðan tóku gildi ný lög um erfðafjárskatt. Þar er skattstjórum falin ýmiss konar tilsjón með skattinum og mælt er fyrir um að skýrsla um eignir dánarbús, erfðafjárskýrsla, skuli vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Hefur nú ríkisskattstjóri gefið út breytt eyðublað til útfyllingar erfðafjárskýrslunnar, RSK 1.12. Form skýrslunnar og efnistökur eru hefðbundin og til stendur að gera hana útfyllanlega rafrænt á vefnum

innan tíðar. Hin nýja skýrsla er í nokkrum atriðum frábrugðin eldri útgáfum og endurspeglar hún þær breytingar sem gerðar voru á laga-reglum um erfðafjárskatt. Meðal helstu ákvæða nýju laganna eru reglurnar um að allur arfur beri 5% flatan skatt í stað ýmissa mismunandi skattþrepa og að hlutabréf skuli talin fram á markaðsverði í stað nafnverðs eins og áður gildi. Anna Dóra Helgadóttir lögfræðingur ríkisskattstjóra fjallaði ítarlega um erfðafjárskattinn í desemberhefti TÍUNDAR 2004.



# OPINBER

## Opinber gjöld lögaðila 2005



PÁLL  
KOLBEINS

Skattstjórar hafa nú lokið við að leggja tekjuskatt, tryggingagjald, eignarskatta og ýmis smærri gjöld, s.s. iðnaðar-málagjald, markaðsgjald og búnaðar-gjald, á lögaðila. Nú voru 34.369 lögað-ilar á skattgrunnskrá og hefur þeim fjölgað um 2.590 frá því í fyrra, eða um rúmlega 8,2%. Af lögaðilum á skrá voru nú 26.043 tekju- og eignarskattsskyld félög, 2.422 fleiri en í fyrra. Tekju- og eignarskattsskyldum félögum hefur því fjölgað um 10,3% á milli ára. Mest fjölgaði einkahlutafélögum, en nú voru 2.102 fleiri einkahlutafélög á skatt-grunnskrá en í fyrra. Skattskyld einka-hlutafélög voru 22.401 við álagningu nú og eru einkahlutafélög því 65,2% lög-aðila á skattgrunnskrá og 86% tekju- og eignarskattsskyldra félaga.

### Fjöldi lögaðila 2004 og 2005

Álagningarár	2004	2005	Breyting '04-05	
			Fjöldi	%
Gjaldskyldir	23.621	26.043	2.422	10,3%
Undanþegnir	8.158	8.326	168	2,1%
<b>Samtals</b>	<b>31.779</b>	<b>34.369</b>	<b>2.590</b>	<b>8,2%</b>

Skattar 8.468 félaga voru nú áætlaðir af skattstjórum sem er um 24,6% lögaðila á skrá. Nú var 7.538 einka-hlutafélögum áætlaðar tekjur og gjöld, sem er 33,6% einkahlutafélaga, heldur hærra hlutfall en í fyrra en þá var hlutfall einkahlutafélaga sem voru áætlaðar tekjur 31,9%. Það er athyglisvert að á meðan einkahlutafélögum fjölgar um 2.102 á milli ára, fjölgar þeim einka-hlutafélögum sem eru áætlaðar tekjur og gjöld um 1.263. Einkahlutafélögum sem skila gildu framtali fjölgar hins vegar aðeins um 839. Alls voru gjöld nú

lögð á 22.166 lögaðila, sem er 1.704 fleiri lögaðilar en í fyrra, en þá voru lögð einhver gjöld á 20.462 lögaðila. Það eru því 8,3% fleiri lögaðilar sem munu greiða opinber gjöld nú en í fyrra.

### Fjöldi áætlaðra lögaðila 2004 og 2005

Álagningarár	2004	2005	Breyting '04-05	
			Fjöldi	%

#### Álagning skv. framtali

Einkahlutafélög	14.024	14.863	839	6,0%
Önnur félög	10.577	11.038	461	4,4%
<b>Samtals</b>	<b>24.601</b>	<b>25.901</b>	<b>1.300</b>	<b>5,3%</b>

#### Álagning skv. áætlun

Einkahlutafélög	6.275	7.538	1.263	20,1%
Önnur félög	903	930	27	3,0%
<b>Samtals</b>	<b>7.178</b>	<b>8.468</b>	<b>1.290</b>	<b>18,0%</b>

**Samtals** 31.779 34.369 2.590 8,2%

Nú voru 53,6 milljarðar lagðir á lög-aðila í opinber gjöld, sem er rúmum 10,7 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra, en þá voru opinber gjöld lögaðila rétt rúmum 42,9 milljarðar króna. Tekju-skattur hækkaði mest, um rúman 10,1 milljarð, sem er hækkan um 74,5% frá álagningu í fyrra. Eignarskattar hækka einnig nokkuð. Þeir hækkuðu um 171 milljónir frá álagningu í fyrra, eða um 12,6% á milli ára.

Yfirfæranlegt tap lækkar nú á milli ára. Yfirfæranlegt tap var 171,1 mill-jarður skv. skattskýrslum í fyrra en nú var það 170,2 milljarðar. Uppsafnað yfirfæranlegt tap félaga lækkaði því um 907 milljónir frá álagningu í fyrra eða um 0,5% á milli ára. Þetta eru talsverð umskipti frá því í fyrra en yfirfæranlegt tap félaga hækkaði um 24,7 milljarða á milli álagningaráranna 2003 og 2004.

Þegar álagning lögaðila er skoðuð nánar vekur nokkra athygli að tiltölu-lega lítill hluti félaga á skattskrá greiða opinber gjöld og þau sem á annað borð er lagt á þurfa að greiða fremur lítið. Þá vekur athygli hversu lítill hluti félaga skilar skattframtali sem tekið er gilt af skattstjórum. Nú sem fyrr eru það því tiltölulega fá félög sem greiða bróður-part opinberra gjalda félaga.

### Tekjuskattur hækkar um 74,5%

Nú voru rúmlega 23,8 milljarðar lagðir á í skatta á hagnað félaga en í fyrra var tekjuskattur félaga rúmum 13,6 milljarðar. Tekjuskattur lögaðila hækkaði því um 10,1 milljarð, eða 74,5%. Hér er um gríðarlega mikla breytingu að ræða frá því í fyrra en skattur á hagnað lögaðila lækkaði á milli álagninga árin 2003 og 2004. Skattskyldar tekjur lögaðila hækkuðu nú um 55,1 milljarð frá framtölum ársins 2004. Þær voru nú tæpir 129,6 milljarðar saman borið við 74,2 milljarða skv. framtölum ársins 2004. Skattstofn lögaðila hefur rúmlega þrettánfaldast frá álagningu 1993, þegar hann var 9,9 milljarðar. Á sama tíma hefur tekjuskattur lögaðila hækkað úr 3,9 milljörðum í 23,8 milljarða.

### Tekjuskattur lögaðila 2004 og 2005

Álagningarár	2004	2005	Breyting '04-05	
			Fjöldi	%

#### Fjöldi gjaldenda

Álagning				
skv. framtali	5.228	6.014	786	15,0%
Álagning				
skv. áætlun	6.165	7.192	1.027	16,7%
<b>Samtals</b>	<b>11.393</b>	<b>13.206</b>	<b>1.813</b>	<b>15,9%</b>

## Opinber gjöld lögaðila 2005

### Félögum raðað eftir upphæð tekjuskatts

Upphæðir í milljónum króna		Opinber gjöld félaga				Hlutfall heildarálagningar gjalda			
Röð	Fjöldi félaga	Tekju-skattur	Trygginga-gjald	Eignar-skattur	Yfirfæran-legt tap	Tekju-skattur	Trygginga-gjald	Eignar-skattur	Yfirfæran-legt tap
1-10	10	6.542	1.449	60	0	27,5%	5,3%	3,9%	0,0%
11-20	10	1.423	411	27	0	6,0%	1,5%	1,8%	0,0%
21-30	10	891	520	17	0	3,7%	1,9%	1,1%	0,0%
31-40	10	700	445	22	0	2,9%	1,6%	1,4%	0,0%
41-50	10	521	254	28	0	2,2%	0,9%	1,8%	0,0%
51-60	10	416	87	21	0	1,7%	0,3%	1,4%	0,0%
61-70	10	357	57	25	0	1,5%	0,2%	1,6%	0,0%
71-80	10	319	98	26	0	1,3%	0,4%	1,7%	0,0%
81-90	10	281	102	49	0	1,2%	0,4%	3,2%	0,0%
91-100	10	248	77	17	0	1,0%	0,3%	1,1%	0,0%
101-13.206	13.106	12.073	5.630	768	73	50,8%	20,4%	50,1%	0,0%
Tekjuskattur=0	21.163	0	18.466	472	170.163	0,0%	66,9%	30,8%	100,0%
<b>Samtals</b>	<b>34.369</b>	<b>23.770</b>	<b>27.598</b>	<b>1.533</b>	<b>170.236</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

### Félögum raðað eftir upphæð yfirfæranlegs taps

Upphæðir í milljónum króna		Opinber gjöld félaga				Hlutfall heildarálagningar gjalda			
Röð	Fjöldi félaga	Tekju-skattur	Trygginga-gjald	Eignar-skattur	Yfirfæran-legt tap	Tekju-skattur	Trygginga-gjald	Eignar-skattur	Yfirfæran-legt tap
1-10	10	0	350	27	36.542	0,0%	1,3%	1,7%	21,5%
11-20	10	0	218	11	10.874	0,0%	0,8%	0,7%	6,4%
21-30	10	0	51	0	8.170	0,0%	0,2%	0,0%	4,8%
31-40	10	0	142	21	6.629	0,0%	0,5%	1,3%	3,9%
41-50	10	0	82	2	5.406	0,0%	0,3%	0,1%	3,2%
51-60	10	0	101	6	4.505	0,0%	0,4%	0,4%	2,6%
61-70	10	0	33	2	3.930	0,0%	0,1%	0,1%	2,3%
71-80	10	0	34	9	3.483	0,0%	0,1%	0,6%	2,0%
81-90	10	0	84	5	3.110	0,0%	0,3%	0,3%	1,8%
91-100	10	0	74	0	2.828	0,0%	0,3%	0,0%	1,7%
101-9.338	9.338	1	10.020	277	84.758	0,0%	36,3%	18,0%	49,8%
Yfirfæranlegt tap=0	24.931	23.770	16.408	1.174	0	100,0%	59,5%	76,6%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>34.369</b>	<b>23.770</b>	<b>27.598</b>	<b>1.533</b>	<b>170.236</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

### Félögum raðað eftir upphæð tryggingagjalds

Upphæðir í milljónum króna		Opinber gjöld félaga				Hlutfall heildarálagningar gjalda			
Röð	Fjöldi félaga	Tekju-skattur	Trygginga-gjald	Eignar-skattur	Yfirfæran-legt tap	Tekju-skattur	Trygginga-gjald	Eignar-skattur	Yfirfæran-legt tap
1-10	10	4.736	7.440	36	0	19,9%	27,0%	2,3%	0,0%
11-20	10	287	1.513	16	16	1,2%	5,5%	1,1%	0,0%
21-30	10	429	950	8	970	1,8%	3,4%	0,5%	0,6%
31-40	10	205	778	13	13.377	0,9%	2,8%	0,9%	7,9%
41-50	10	61	648	22	5.416	0,3%	2,3%	1,4%	3,2%
51-60	10	678	562	11	241	2,9%	2,0%	0,7%	0,1%
61-70	10	282	520	17	708	1,2%	1,9%	1,1%	0,4%
71-80	10	189	472	10	891	0,8%	1,7%	0,7%	0,5%
81-90	10	114	433	4	159	0,5%	1,6%	0,3%	0,1%
91-100	10	310	404	45	172	1,3%	1,5%	3,0%	0,1%
101-14.301	14.301	11.330	13.878	1.011	117.927	47,7%	50,3%	66,0%	69,3%
Tryggingagjald=0	19.968	5.150	0	339	30.358	21,7%	0,0%	22,1%	17,8%
<b>Samtals</b>	<b>34.369</b>	<b>23.770</b>	<b>27.598</b>	<b>1.533</b>	<b>170.236</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

### Félögum raðað eftir upphæð eignarskatts

Upphæðir í milljónum króna		Opinber gjöld félaga				Hlutfall heildarálagningar gjalda			
Röð	Fjöldi félaga	Tekju-skattur	Trygginga-gjald	Eignar-skattur	Yfirfæran-legt tap	Tekju-skattur	Trygginga-gjald	Eignar-skattur	Yfirfæran-legt tap
1-10	10	697	456	194	2.581	2,9%	1,7%	12,7%	1,5%
11-20	10	882	226	96	180	3,7%	0,8%	6,3%	0,1%
21-30	10	258	511	63	2.507	1,1%	1,9%	4,1%	1,5%
31-40	10	380	198	54	1.828	1,6%	0,7%	3,5%	1,1%
41-50	10	246	205	46	371	1,0%	0,7%	3,0%	0,2%
51-60	10	318	316	39	945	1,3%	1,1%	2,6%	0,6%
61-70	10	215	82	34	88	0,9%	0,3%	2,2%	0,1%
71-80	10	205	86	29	0	0,9%	0,3%	1,9%	0,0%
81-90	10	412	35	26	111	1,7%	0,1%	1,7%	0,1%
91-100	10	247	124	25	433	1,0%	0,5%	1,6%	0,3%
101-9.822	9.822	11.564	13.051	926	20.098	48,6%	47,3%	60,4%	11,8%
Eignarskattur=0	24.447	8.347	12.309	0	141.095	35,1%	44,6%	0,0%	82,9%
<b>Samtals</b>	<b>34.369</b>	<b>23.770</b>	<b>27.598</b>	<b>1.533</b>	<b>170.236</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

### Tekjuskattstofn

Álagning				
skv. framtali	50.904	97.423	46.519	91,4%
Álagning				
skv. áætlun	23.342	32.143	8.801	37,7%
<b>Samtals</b>	<b>74.246</b>	<b>129.565</b>	<b>55.319</b>	<b>74,5%</b>
Yfirfæranlegt tap	171.143	170.236	-907	-0,5%

### Tekjuskattur

Álagning				
skv. framtali	9.341	17.868	8.527	91,3%
Álagning				
skv. áætlun	4.281	5.903	1.621	37,9%
<b>Samtals</b>	<b>13.622</b>	<b>23.770</b>	<b>10.148</b>	<b>74,5%</b>

Skattstjórar áætluðu nú félögum rúman 32,1 milljarð í vantalinn hagnað en tekjuskattur var áætlaður á 7.192 félög sem ýmist skiluðu ekki framtali eða eru talin hafa vantalið tekjur. Tekjuskattur af áætluðum hagnaði þessara félaga var nú tæpir 5,9 milljarðar, sem er 37,9% hækkun frá því í fyrra. Tæpur fimmtungur eða 24,8% tekjuskatts er því byggður á áætlun skattstjóra en þetta er nokkru lægra hlutfall en í fyrra en þá voru 31,4% tekjuskatts áætluð. Hér kann að skipta nokkru máli að tiltölulega fáir gjaldendur bera bróðurpartinn af tekjuskatti og mikill hagnaður þessara aðila kann að hafa áhrif á hlutfall áætlana af skattstofni.

Tekjuskattur var nú lagður á 13.206 félög sem eru 1.813 fleiri félög en í fyrra. Þetta er því fjölgun um 15,9% á milli ára. Tekjuskattur 7.192 lögaðila var nú áætlaður af skattstjórum en tekjuskattur rúmlega helmingi félaga sem greiða tekjuskatt, eða 54,4%, er áætlaður af skattstjórum, sem er sama hlutfall og í fyrra. Tekjuskattur var því lagður á 6.014, eða 23,1% gjaldskyldra lögaðila skv. skattframtali. Tekjuskattur var lagður á 50,1% gjaldskyldra lögaðila, sem er heldur hærra hlutfall en í fyrra en þá var lagður tekjuskattur á 48,2% gjaldskyldra félaga.

Tiltölulega fá félög munu greiða bróðurpart tekjuskatts lögaðila. Af þeim 13.206 félögum sem lagt er á munu þau tíu félög sem mest greiða, greiða rúma 6,5 milljarða eða 27,5% álagðs tekjuskatts lögaðila. Af heildarálagningu tekjuskatts munu þau hundrað félög sem mest greiða bera 49,21% heildarálagningar tekjuskatts, hin 13.106 félögin munu því bera 50,79% álagningarinnar. Gera má ráð fyrir að félögin tíu sem mestan tekjuskatt greiða greiði aðeins um 5,3% af launakostnaðinum í landinu eins og sést af tryggingagjaldinu sem lagt er á þau.

Sem fyrr segir lækkaði yfirfæranlegt tap skv. skattframtölum félaga um 907 milljónir, úr 171,1 milljarði í 170,2 milljarða. Þau tíu félög sem hafa fært mest tap til bókar telja fram 36,5 milljarða í yfirfæranlegt tap. Þetta er 21,5% yfirfæranlegs taps skv. skattframtölum lögaðila 2005. Tuttugu félög telja fram 27,9% yfirfæranlegs taps og þau hundrað félög sem mest tap eiga bókfært, telja fram 50,21% yfirfæranlegs taps félaga í landinu.

Tryggingagjald af greiddum launum fyrir vinnu launamanna vegur nú sem fyrr þyngst þeirra opinberu gjalda sem lögaðilum er gert að standa skil á. Tryggingagjald og önnur gjöld lögð á launagreiðslur, þ.e. iðgjald slysatryggingar sjómanna og markaðsgjald, eru nú samtals rúmir 27,6 milljarðar króna. Tryggingagjald var um 26,3 milljarðar í fyrra, og hefur gjaldið því hækkað um rúmlega 1,3 milljarða á milli ára, eða um 4,9%. Gjaldskyldar launagreiðslur hækkuðu úr rúmum 456,8 milljörðum, árið 2004, í rúman 479,1 milljarð við álagningu nú, eða um rúma 22,3 milljarða sem er 4,9% hækkun á milli ára. Af þeim 27,6 milljörðum sem lagðir voru á skattstofninn voru um 1,4 milljarðar, eða 5,1%, byggðir á áætlunum skattstjóra, saman borið við 1,3 milljarða í fyrra. Áætlanir skattstjóra hækkuðu um 12,4% á milli ára. Skattstjórar áætluðu tryggingagjald 2.638 félaga eða 18,3% þeirra 14.401 félags sem var nú gert að skila gjaldinu. Tryggingagjald var áætlað á 2.448 í fyrra og hefur félögum sem skattstjórar áætla gjaldið á því fjölgað um 7,8% á milli ára. Tryggingagjald var nú lagt á 41,9% félaga á skrá, sem er heldur minna en í fyrra þegar gjaldið var lagt á 43,8% félaga.

### Tryggingagjald hækkar um 4,9%

Tryggingagjald af greiddum launum fyrir vinnu launamanna vegur nú sem fyrr þyngst þeirra opinberu gjalda sem lögaðilum er gert að standa skil á. Tryggingagjald og önnur gjöld lögð á launagreiðslur, þ.e. iðgjald slysatryggingar sjómanna og markaðsgjald, eru nú samtals rúmir 27,6 milljarðar króna. Tryggingagjald var um 26,3 milljarðar í fyrra, og hefur gjaldið því hækkað um rúmlega 1,3 milljarða á milli ára, eða um 4,9%. Gjaldskyldar launagreiðslur hækkuðu úr rúmum 456,8 milljörðum, árið 2004, í rúman 479,1 milljarð við álagningu nú, eða um rúma 22,3 milljarða sem er 4,9% hækkun á milli ára. Af þeim 27,6 milljörðum sem lagðir voru á skattstofninn voru um 1,4 milljarðar, eða 5,1%, byggðir á áætlunum skattstjóra, saman borið við 1,3 milljarða í fyrra. Áætlanir skattstjóra hækkuðu um 12,4% á milli ára. Skattstjórar áætluðu tryggingagjald 2.638 félaga eða 18,3% þeirra 14.401 félags sem var nú gert að skila gjaldinu. Tryggingagjald var áætlað á 2.448 í fyrra og hefur félögum sem skattstjórar áætla gjaldið á því fjölgað um 7,8% á milli ára. Tryggingagjald var nú lagt á 41,9% félaga á skrá, sem er heldur minna en í fyrra þegar gjaldið var lagt á 43,8% félaga.

### Tryggingagjald lögaðila 2004 og 2005

Álagningarár í milljónum kr.	2004	2005	Breyting '04-05	
Álagning				
skv. framtali	11.463	11.763	300	2,6%
Álagning				
skv. áætlun	2.448	2.638	190	7,8%
<b>Samtals</b>	<b>13.911</b>	<b>14.401</b>	<b>490</b>	<b>3,5%</b>
Tryggingagjaldsstofn	456.751	479.064	22.313	4,9%
Álagning				
skv. framtali	25.066	26.190	1.124	4,5%
Álagning				
skv. áætlun	1.252	1.407	156	12,4%
<b>Samtals</b>	<b>26.318</b>	<b>27.598</b>	<b>1.280</b>	<b>4,9%</b>

Skipting tryggingagjalds á milli gjaldenda sýnir að tiltölulega fáir lögaðilar skila bróðurparti heildarálagningar. Rúmlega 7,4 milljarðar eru lagðir á þá tíu lögaðila sem mest er lagt á, en þessir tíu lögaðilar greiða 27% álagðs tryggingagjalds. Langstærstu launagreiðendurnir nú sem endranær eru opinberir aðilar, launaafgreiðsla Fjársýslu ríkisins og Reykjavíkurborg. Opinberir aðilar eru undanþegnir tekju- og eignarskatti en þeir skila samt sem áður tryggingagjaldi. Um helmingur tryggingagjalds, eða 49,7%, er lagður á þau hundrað félög sem mest greiða.

Með tryggingagjaldi og innifalið í tölum um það er markaðsgjald sem rennur til Útflutningsráðs Íslands. Gjaldið er 0,05% af tryggingagjaldsstofni. Nú var markaðsgjald um 240 milljónir og hefur það hækkað til jafns við tryggingagjaldsstofn.

### Eignarskattur hækkar um 12,6%

Rúmir 1,5 milljarðar voru lagðir á lögaðila í eignarskatt í ár. Þetta er 171 milljón, eða 12,6% meira en í fyrra. Af þeim tæpu 1,5 milljörðum sem lagðir voru á nú voru 104 milljónir áætlaðar af skattstjórum, eða 6,8% heildarálagningar. Eignarskattur var nú lagður á 9.922 félög, 857 fleiri félög en í fyrra og hefur þeim félögum sem gert er að greiða skatt af eignum því fjölgað um 9,5% á milli ára. Eignarskattur 1.843 lögaðila var nú áætlaður, saman borið

við 1.624 félög í fyrra og hefur félögum sem er áætlaður eignarskattur því fjölgað um 13,5% á milli ára. Eignarskattur var nú lagður á 38,1% gjaldskyldra lögaðila sem er svipað hlutfall gjaldenda og í fyrra.

### Eignarskattur lögaðila 2004 og 2005

Álagningarár 2004 2005 Breyting '04-05 í milljónum kr.

Álagning	2004	2005	Breyting '04-05	
skv. framtali	7.441	8.079	638	8,6%
Álagning				
skv. áætlun	1.624	1.843	219	13,5%
<b>Samtals</b>	<b>9.065</b>	<b>9.922</b>	<b>857</b>	<b>9,5%</b>

Eignar-	2004	2005	Breyting '04-05	
skattsstofn	226.945	255.459	28.514	12,6%


Álagning	2004	2005	Breyting '04-05	
skv. framtali	1.285	1.429	143	11,2%
Álagning				
skv. áætlun	76	104	28	36,3%
<b>Samtals</b>	<b>1.362</b>	<b>1.533</b>	<b>171</b>	<b>12,6%</b>

Pau tíu félög sem mestan eignarskatt bera greiða 12,7% álagðs eignarskatts og þau 50 félög sem greiða mest greiða 29,6% eignarskatts eða tæpan þriðjung heildarálagningar.


### Iðnaðarmálagjald hækkar búnaðargjald hækkar

Iðnaðarmálagjald rennur til samtaka iðnaðarins, en gjaldið er 0,08% af veltu iðnfyrirtækja. Nú voru 277 milljónir króna lagðar á iðnfyrirtæki sem er 22 milljónum meira en í fyrra, sem er 8,6% hækkun á milli ára. Þeim sem bera gjaldið fjölgað nokkuð frá fyrra ári. Þeir voru 5.204 í fyrra en voru nú 5.497, og hefur því fjölgað um 5,6% á milli ára. Búnaðargjald er 2,26% gjald sem lagt er á veltu búvöru og tengdrar þjónustu. Nú voru lagðar 127 milljónir króna í búnaðargjald á veltu lögaðila en í fyrra skilaði gjaldið 111 milljónum. Gjaldið hækkaði því um 14,8% á milli ára. Gjaldendur búnaðargjalds voru nú 320 og hefur þeim fjölgað um átta frá því í fyrra en þá var lagt búnaðargjald á 312 félög. Búnaðargjald er lagt á tiltölulega fá félög og því eru miklar sveiflur í álagningu gjaldsins frá ári til árs.


### Helstu gjöld lögaðila 1993 til 2005



### Tekjuskattsstofn og tekjuskattur lögaðila 1993 til 2005



### Tryggingagjald 1993 til 2005



# DÓMUR Hæstaréttar



ANNA DÓRA  
HELGADÓTTIR

frá 9. september 2005  
í máli nr. 344/2005

## Byggðþjónustan ehf. gegn sýslumanninum í Kópavogi

Málavextir voru þeir að B ehf., sem rekur bókhaldsþjónustu hafði um árabil fært til gjalda í rekstri sínum kostnað vegna íbúðarhúsnæðis í eigu félagsins, sem nýtt var til íbúðar af framkvæmdastjóra og stjórnarformanni félagsins, en hinn síðarnefndi var jafnframt eigandi að helmings hlut í félaginu. Skattstjóri felldi úrskurð þess efnis að B ehf. hefði verið óheimilt að færa til gjalda kostnað vegna íbúðarhúsnæðisins og leiddi það til breytinga á gjaldstofnum B ehf. bæði að því er varðaði opinber gjöld og virðisaukaskatt. Var gert fjárnám fyrir vangreiddum gjöldum hjá B ehf. vegna þessa og krafðist félagið í máli þessu að fjárnámið yrði fellt úr gildi.

Hæstiréttur taldi að breyting sú sem gerð var á virðisaukaskatti í nefndum úrskurði yrði ekki borin undir dómstóla þar sem endurákvörðun skattsins hefði ekki fyrst verið borin undir yfirskaðanefnd í samræmi við fyrirmæli 5. mgr. 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Rakti dómurinn að samkvæmt 1. tölulið 31. gr. áðurgildandi laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, mætti draga frá tekjum lögaðila rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Af gögnum málsins yrði skýrt ráðið að húsnæðisins hefði hvorki verið aflað í því skyni að það nýttist í rekstri sóknaraðila né hefði það verið nýtt með slíkt fyrir augum. Var ekki talið að það skipti

máli að þeir einstaklingar, sem höfðu húsnæðið til umráða, hefðu staðið skil á leigu til B ehf. Var niðurstaða Hæstaréttar sú að B ehf. hefði verið óheimilt að draga kostnað tengdan húsnæðinu frá tekjum sínum og var kröfu félagsins um að fjárnám vegna skattkröfunnar yrði fellt úr gildi því hafnað.

Einn dómari Hæstaréttar skilaði sér- atkvæði í málinu. Bent var á að B ehf. hefði fært leigutekjur vegna húsnæðisins til tekna í reikningum sínum og rekstrargjöld til gjalda. Útleiga íbúðarhúsnæðis í atvinnurekstri væri vel þekkt starfsemi og þá jafnvel sem aðalstarfsemi fyrirtækja. Ekki gæti skipt máli við skattlagningu slíkrar starfsemi þótt leigjandi húsnæðis tengdist viðkomandi skattaðila nánnum böndum. Einnungis þyrfti að gæta að því að ekki fælist í útleigunni dulbúin hlunnindi, sem færð væru undan skattlagningu. Bent var á að sýslumaður byggði vörn sína á því, að eignarhald sóknaraðila á íbúðarhúsnæði væri ekki liður í þeim rekstri bókhaldsþjónustu sem B ehf. hefði að aðalstarfi og héraðsdómur virtist hafa fallist á þetta sjónarmið í hinum kærða úrskurði. Hefði þetta haft það í för með sér að B ehf. hefði verið synjað um frádrátt vegna kostnaðarins, og það eins þótt félagið væri látið greiða skatta af þeim tekjum sem það hefði haft af útleigu húsnæðisins. Í skattlagningu felist skerðing á eignarréttindum. Stjórnarskráin hafi að geyma skýr fyrir-

mæli um að skattlagning verði að byggjast á settum lögum, sbr. 1. mgr. 40. gr. og 77. gr. Það sé hvergi gert að skilyrði fyrir gjaldfærslu kostnaðar við tekjuaflandi starfsemi lögaðila, að um sé að ræða aðalstarfsemi hans. Þá séu hvergi reistar skorður við því í lögum, að atvinnufyrirtæki eigi íbúðarhúsnæði og leigi það starfsmönnum sínum og eigendum gegn endurgjaldi og færi útgjöld vegna slíks húsnæðis til gjalda. Útleigan sem slík feli í sér starfsemi til tekjuöflunar við hlið þeirrar meginstarfsemi sem viðkomandi fyrirtæki hafi með höndum, og séu tekjur vegna slíkrar útleigu skattskyldar samkvæmt 2. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Skattýrkvöld hafi samkvæmt 57. gr. laga nr. 90/2003 úrræði til að bregðast við ef þau telji að endurgjald í slíkum viðskiptum skattaðila við starfsmenn eða eigendur sé verulega frábrugðið því sem almennt gerist. Skattstjóri hafi sérstaklega tekið fram að hann hefði ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fjárhæðir leigugreiðslna í málinu. Var það niðurstaða sératkvæðisins að af fyrrgreindum ákvæðum stjórnarskrár sem og hinn almennu jafnræðisreglu 65. gr. hennar leiði að ekki hefði verið heimilt að fella niður rekstrarkostnað B ehf. af framangreindum sökum og bæri því að fallast á kröfu B ehf. um ógildingu aðfarargerðarinnar.





### Þjónustunámskeið í Hvalfirði

Í lok september sl. var haldið að Hótel Glym, Hvalfirði, námskeið fyrir starfsfólk á skattstofum og hjá ríkisskattstjóra sem bar heitið Þjónustupjálfun ríkisskattstjóra. Meginmarkmiðið með námskeiðinu var að þjálfa starfsmenn til þess að miðla upplýsingum og leiðbeina fólki, ásamt því að byggja upp góða liðsheild. Þessi námskeið hafa notið mikilla vinsælda og er þetta í þriðja skipti sem ríkisskattstjóri stendur fyrir svona námskeiði. Að þessu sinni voru þátttakendur sautján.

### Nordisk eTax á Norrænum dögum

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs sem haldið var í Reykjavík í október sl. voru haldnir Norrænir dagar í Smáralind. Ríkisskattstjóri kynnti þar Nordisk eTax og gafst fólki kostur á að skoða vefinn og fá upplýsingar, plaköt og póstkort.



### Tvö ný framtalsform

Fyrirhugað er að bæta við fjölskrúðuga flóru framtalseyðublaða með það að markmiði að auðvelda ákveðnum hópum framtalsskil. Annars vegar er um að ræða einfaldaða útgáfu af persónuframtalinu sem ætlað er launamönnum sem dvalið hafa hér á landi í skamman tíma. Má þar nefna verkamenn sem hafa starfað við virkjanaf framkvæmdir. Hugsanlegt er að framtalið verði til á nokkrum tungumálum auk íslensku, svo sem á ensku, frönsku, dönsku, spænsku, pólsku og tælensku. Hins vegar er um að ræða framtal fyrir menn sem búsettir eru erlendis en hafa tekjur af eignum hér á landi, svo sem leigutekjur af fasteign. Fyrst um sinn verða þessi framtöl eingöngu til á pappír en síðar verður væntanlega boðið upp á rafræn skil á þeim.

## Upplýsingatafla RSK

### Staðgreiðsla opinberra gjalda 2005

Skattlutfall staðgreiðslu	37,73%
Tekjuskattur	24,75%
Útsvar	12,98%
Skattlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 96.125	6,00%
Af vöxtum og arði	10,00%
Skattleysismörk tekjuárið 2005	900.732

### Persónuafsláttur frá 1. janúar 2005

í einn mánuð	kr. 28.321
í hálfan mánuð	kr. 14.160
í 14 daga	kr. 13.035
í eina viku	kr. 6.517
Sjómannaafláttur á dag	kr. 768

### Hámark barnabóta 2005 miðað við heilt ár

Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	kr. 126.952
- með börnum umfram eitt	kr. 151.114
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 37.397
Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 211.447
- með börnum umfram eitt	kr. 216.902
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr. 37.397

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,73%
Sérstakt gjald v/sjómannna	6,38%

### Kílómetragjald, skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 5/2005

#### Kílómetragjald, gildir frá 1. okt. 2005

Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:	kr. 62,00
---	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

### Dagpeningar innanlands,

#### skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 6/2005

##### Gildir frá 1. okt. 2005

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	14.300
Fyrir gistingu í eina nótt	8.300
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	6.000
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.000

### Dagpeningar erlendis,

#### skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2005

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
London, New York borg,				
Washington DC og Tokyo	SDR 145	110	93	70
Annars staðar	SDR 110	100	70	64

### Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep	24,5%
Sérstakt skattþrep	14,0%



rsk.is  
**rsk.is**

Hefur þú kynnt þér vefskil ...

# VEFSKIL

Á rsk.is er boðið upp á rafræn skil  
á virðisaukaskatti og staðgreiðslu.  
Á vefnum getur þú skilað, greitt og fengið yfirlit  
á einfaldan og öruggan hátt.

Hægt er að skila staðgreiðslu beint úr helstu launakerfum  
og virðisaukaskatti beint úr vefbanka Íslandsbanka.

ÞINN ÁVINNINGUR ER  
**ÞINN ÁVINNINGUR ER**

... engar biðraðir ... engin tímapressa ... minni pappír  
... auðvelt að greiða ... auðvelt að muna ...  
einfaldar bókhaldið ... einföld skil

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ  
**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ**

Allar nánari upplýsingar má fá á [www.rsk.is/einfalt](http://www.rsk.is/einfalt)  
þar er einnig að finna upplýsingar um símaaðstoð.

Þú getur líka hringt í grænt númer, 800-6311.

RAFRÆN SKIL - EINFÖLD SKIL  
**RAFRÆN SKIL - EINFÖLD SKIL**

# ÚRSKURÐIR

## Úrskurðir yfirskaðanefndar



ANNA DÓRA  
HELGADÓTTIR

### Virðisaukaskattur. Útgáfu- starfsemi – innskattur. ÚY nr. 159/2005

Kærandi sem hafði með höndum útgáfu á bækjarblaði sem dreift var ókeypis, var skráður á grunnskrá virðisaukaskatts vegna sölu á auglýsingum sem birtust í blaðinu. Skattstjóri féllst ekki á að tilfærður innskattur vegna kaupa kæranda á ljósritunarvél væri eingöngu vegna virðisaukaskattsskyldrar starfsemi þar sem efni blaðsins væri ekki eingöngu fólgið í auglýsingum. Mat skattstjóri það svo að þáttur auglýsinga í blaðinu væri 50% á móti öðru efni og lækkaði hinn umdeilda innskatt til samræmis.

YSKN taldi að forsendur skattstjóra í þessu sambandi fengju ekki staðist þar sem skattskyld starfsemi kæranda væri gagnert fólgin í útgáfu umrædds auglýsingablaðs. Af þeim sökum og þar sem ekki var dregið í efa að ljósritunarvél in hefði eingöngu verið keypt til að ljósrita blaðið til dreifingar var fallist á kröfu kæranda.

### Tekjuskattur. Styrkur frá Rannís – frádráttur. ÚY nr. 173/2005

Kærandi fékk styrk frá Rannís en lét hann renna til Háskóla Íslands og fékk kæranda styrkinn síðan greiddan í formi launagreiðslna. Kærandi fór fram á það í kærumeðferð málsins hjá skattstjóra að umræddar tekjur yrðu færðar sér til tekna á skattframtali sem styrkur og til frádráttar kæmi kostnaður. Skattstjóri sýnaði því með kæruúrskurði sínum.

YSKN vísaði til þess að fyrir lægi að umræddur styrkur hefði verið greiddur H.Í. og að í samræmi við tölvupóst forstöðumanns reikningshalds H.Í. sem lagður var fram í málinu, yrði að líta svo á að styrkurinn teldist tekjur H.Í. Að lokum sagði YSKN: „Samkvæmt sam-

komulagi við Hugvísindastofnun Háskóla Íslands[...] taldist kærandi starfsmaður Háskóla Íslands og hafði vinnu- aðstöðu hjá Hugvísindastofnun auk þess sem viðkomandi mun hafa notið tiltekinna réttinda sem starfsmaður háskólans [...]. Í samræmi við þetta verður að telja að umrædd greiðsla frá Háskóla Íslands 2002 að fjárhæð 481.611 kr. hafi verið launagreiðsla sem telja beri til skattskyldra launa skv. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003...”. Þar sem viðkomandi tekjur teldust ekki tekjur af atvinnurekstri heldur féllu undir áður nefndan 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, væri ekki heimilt að færa kostnað þeim til frádráttar.

### Virðisaukaskattur. Frjáls skráning – innskattur vegna sölukostnaðar – sala ekki þáttur í útleigu. ÚY nr. 217/2005

Kærandi í máli þessu, sem var einkahlutafélag, var skráður frjálsri skráningu í grunnskrá virðisaukaskatts vegna útleigu atvinnuhúsnæðis. YSKN hafnaði kröfu kæranda um frádrátt innskatts sem féll til í tengslum við sölu þeirrar fasteignar sem frjáls skráning kæranda tók til, þ.e. vegna sölulauna og auglýsinga, á þeim forsendum að ekki væri um að ræða virðisaukaskatt af aðföngum sem eingöngu vörðuðu sölu vöru eða skattskyldrar þjónustu í skilningi virðisaukaskattslaga, enda tæki skattskyldusvið laganna ekki til fasteigna.

### Virðisaukaskattur. Veitingasala – skatthlut- fall. ÚY nr. 238/2005

Í málinu var deilt um það hvort kæranda bæri að greiða virðisaukaskatt með 14% eða 24,5% skatthlutfalli af sölu sinni á tilreiddum mat á sölustað sínum. Á sölustað þessum voru seldar langlokur, útbúnar á staðnum með þeim hætti að aðkeypt deig var hefað og bakað í þar til gerðum ofnum og brauðið skorið og fyllt af aðkeyptu tilbúnu áleggi og afgreitt heitt eða kalt yfir búðarborð í samræmi við óskir viðskiptavinar hverju sinni. Þá voru seldar smákökur af ýmsu tagi sem sömuleiðis voru bakaðar á staðnum. Á staðnum

voru borð og stólar fyrir viðskiptavinum.

Í niðurstöðu úrskurðar YSKN kemur fram að úrlausn málsins velti á því hvort starfsemi kæranda falli undir 1. eða 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til mannelis o.fl., sbr. breytingu á henni með reglugerð nr. 443/1995. M.ö.o. sé álitafnið hvort kærandi hafi með höndum rekstur smásöluverslunar eða sölu- turns í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar eða rekstur veitingahúss eða hliðstæðan rekstur í skilningi 1. mgr. 3. gr. sömu reglugerðar. Þá segir m.a. að lög nr. 67/1985, um veitinga- og gisti- staði, hafi ríka þýðingu við skýringu á ákvæðum 2. másl. 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 og 3. gr. reglugerðar nr. 554/1993. Þá segir í niðurstöðunni að ekki verði annað ráðið en að starfsemi kæranda teljist veitingastofa í skilningi c-liðar 9. gr. laga nr. 67/1985 og um veitingaleyfisskylda starfsemi sé því að ræða. YSKN staðfesti niðurstöðu skattstjóra um að kæranda bæri að innheimta 24,5% virðisaukaskatt af umræddri sölu.

### Tekjuskattur. Stofnlánasjóður. ÚY nr. 254/2005

Forsaga málsins er sú að með úrskurði nr. 247/2003 staðfesti YSKN þá niðurstöðu skattstjóra að kærandi, sem er stofnlánasjóður innan tilgreindrar atvinnugreinar, teldist skattskyldur lög- aðili samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981. Þar sem kæranda hefði verið rökstudd með skattframtali sem ekki hefði sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra var varakröfu kæranda vísað til skattstjóra til meðferðar og uppkvaðningar nýs kæruúrskurðar.

Með kæruúrskurði féllst skattstjóri á að leggja innsent skattframtal kæranda til grundvallar álagningu opinberra gjalda kæranda með tilgreindum breytingum. Í fyrsta lagi hafnaði skattstjóri gjaldfærslu vaxta til félagsmanna og í öðru lagi féllst skattstjóri ekki á tilgreiningu skulda við félagsmenn samkvæmt skattframtali og ársreikningi og ákvarðaði kæranda eignarskattsstofn.

YSKN taldi að þegar litið væri til félagslaga kæranda yrði ekki séð að

skilningur kæranda ætti stoð í þeim. Þvert á móti væri tekið fram í félagslögum um að eigendur kæranda, sem væru þeir sem greitt hefðu gjald til sjóðsins og í þeim hlutföllum sem greitt hefði verið, öðluðust í sömu hlutföllum eignarhlutdeild í tekjuafgangi sjóðsins á grundvelli árlegs uppgjörs. Þá væri kveðið á um útborgun arðgreiðslna samkvæmt nánari skilyrðum. Mælt væri svo fyrir að sjóðsfélögum væri óheimilt að framselja eða veðsetja inneignir í sjóðnum hvort heldur er sem heild eða að hluta nema með samþykki stjórnar. Hvergi væri vikið að því að inneignir sjóðsfélaga teldust lán sem bæri að vaxtareikna og þá með þeim hætti sem haldið væri fram af hálfu kæranda. Væri og engum ákvæðum um vaxtakjör fyrir að fara. Settar væru takmarkanir á útborganir inneigna og til vaxtareiknings á inneign kæmi því aðeins að um úrgöngu úr sjóðnum væri að ræða.

Miðað við ákvæði félagslaga kæranda yrði að telja samkvæmt framsögðu að hinn umdeildi liður rekstrarreikningsins „Til greiðslu vaxta félagsmanna“ fæli í sér ráðstöfun tekjuafgangs og bæri tilhögun rekstrarreikningsins þess merki. Samkvæmt þessu yrði að taka undir það með skattstjóra að ekki væru forsendur til að líta á tekjuafgang kæranda sem vaxtatekjur í hendi sjóðsfélaga vegna inneignar þeirra, enda engu vaxtaberandi láns sambandi fyrir að fara samkvæmt félagslögum eða á öðrum grundvelli. Gjaldfærsla vaxta til sjóðsfélaga á öðrum grundvelli, þ.e. vegna inneigna, gæti ekki talist til rekstrarkostnaðar samkvæmt 31. gr. laga nr. 75/1981, sbr. nú lög nr. 90/2003, eða komið til frádráttar skattskyldum tekjum, sbr. 3. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, nú 3. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003. Samkvæmt þessu yrði að hafna kröfu kæranda um frádrátt vegna greiðslu vaxta til félagsmanna.

YSKN komst jafnframt að þeirri niðurstöðu, með vísan til þess sem að framan greinir, að frádráttur umrædds skuldaliðar í efnahagsreikningi og skattframtali á þeim grundvelli að um skuld samband væri að ræða kæmi ekki til álit. Yrði að telja að frádráttur frá eignum að þessu leyti yrði að byggjast á 77. gr. laga nr. 75/1981, sbr. nú 76. gr. laga nr. 90/2003, þar sem lögáðilum samkvæmt 2. gr. laganna er heimilað að draga frá eignum sínum hlutafé, stofnsjóði og nafnskráð stofnfé, enda hefði ekki verið byggt á því að

um sjálfseignarstofnun væri að ræða og raunar ljóst samkvæmt félagslögum að svo væri ekki. Inneignir sjóðsfélags mynduðust af föstum mánaðarlegum greiðslum annars vegar og hins vegar af tekjuafgangi. Rakti YSKN að skattstjóri hefði tekið undir það að fastar greiðslur sjóðsfélaga gætu skoðast stofnfé kæranda og mætti fallast á það. Hins vegar væri ljóst að umræddur liður gæti ekki komið til frádráttar í heild sinni sem stofnfé samkvæmt 77. gr. laga nr. 75/1981. Engin sundurliðun lægi fyrir að þessu leyti af hendi kæranda. Að svo vöxnu máli þótti YSKN ekki skilyrði til að hrófla við ákvörðun skattstjóra hvað snertir eignarskattstofn kæranda gjaldárið 2001 og var kröfum kæranda í málinu hafnað.

### **Reiknað endurgjald. Framkvæmdastjóri einkahlutafélags. ÚY nr. 257/2005**

Ágreiningur málsins varðar þá ákvörðun skattstjóra að hækka gjaldfærðan launakostnað kæranda vegna hækkunar reiknaðs endurgjalds framkvæmdastjóra félagsins, A. Skattstjóri taldi að A bæri að reikna sér endurgjald vegna starfa sinna hjá félaginu, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og áleit að tilfærð laun og bifreiðahlunnindi væru lægra endurgjald en ef A hefði innt starfið af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Kærandi taldi að framkvæmdastjóra kæranda hefði ekki borið að reikna sér endurgjald vegna starfa sinna í þágu félagsins þar sem framkvæmdastjórinn hefði ekki verið ráðandi aðili við atvinnurekstur kæranda í skilningi 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, en hann var eigandi að aðeins 10% hlutafjár í kæranda.

Í úrskurði YSKN er rakið að ákvæði 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, um reiknað endurgjald taki einnig til vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Taldi YSKN að skýra yrði ákvæði 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. og 58. gr. laga nr. 90/2003 til samræmis þannig að skylda manns, sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila, til að reikna sér endurgjald vegna þeirra starfa, eigi við í þeim tilvikum þegar nákomnir ætt-

ingjar eða venslamenn viðkomandi launamanns hafa ráðandi stöðu hjá lögaðilanum vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Væri þetta ekki bundið við að viðkomandi starfsmaður væri ráðandi aðili hjá lögaðila vegna eignar- eða stjórnunaraðildar hans sjálfs. Þannig yrði að telja að maður teldist ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, venslamaður eða annar nátengdur aðili væri í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða samstarfsmönnum, ætti það stóran hluta í félaginu að ætla mætti að það hefði áhrif á ákvörðun launanna. Er tekið fram að tengsl þessi teljist á sama hátt vera fyrir hendi ef um sé að ræða óbeina eignar- eða stjórnunaraðild svo sem starfi maður hjá dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi félags sem hann hafi ráðandi stöðu í. A hefði gegnt starfi framkvæmdastjóra kæranda á árinu 2002. Hann væri jafnframt eigandi að 10% hlutafjár í félaginu og var annað hlutafé félagsins að öllu leyti í eigu foreldra hans og systkina. Var talið að A hefði haft þá stöðu innan kæranda að honum hefði borið að reikna sér endurgjald samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 vegna starfa sinna í þágu félagsins, sbr. 1. og 4. mgr. 58. gr. sömu laga. Kröfu kæranda var hafnað.

### **Tekjuskattur. Sjúkrþjálfari - gjaldfærsla námskeiðs- kostnaðar. ÚY nr. 258/2005**

Kærandi sem er sjálfstætt starfandi sjúkrþjálfari færði til gjalda í rekstri sínum kostnað vegna náms í höfuðbeina og spjaldhyrggjarmeðferð.

Rakið er í úrskurði YSKN að heimilt sé samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að draga rekstrarkostnað frá tekjum af sjálfstæðri starfsemi. Litið hafi verið svo á að kostnaður vegna námskeiða starfsmanna eða sjálfstætt starfandi manna geti talist falla undir frádráttarbæran rekstrarkostnað enda sé gerð grein fyrir námskeiðunum og tengslum þeirra við tekjuöflun rekstraraðila. Samkvæmt 7. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, telst til rekstrarkostnaðar kostnaður við námskeið sem tengjast starfinu beint. Tekur það m.a. til námskeiða sem ætluð eru til viðhalds á menntun í starfsgrein viðkomandi aðila og til þess að fylgjast með nýjungum í

starfsgreininni. Benti YSKN á að almennt verði hins vegar að líta svo á að útgjöld vegna viðbótarnáms eða náms til öflunar starfsréttinda séu ekki frádráttarbær. Var talið að sérhæft nám kæranda á sviði höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferðar væri viðbótarnám sem nýttist kæranda sjálfum fyrst og fremst. Var talið að um persónuleg útgjöld væri að ræða vegna öflunar sérhæfðrar menntunar og var kröfu um frádrátt vegna kostnaðar við námið hafnað.

### **Tekjuskattur. Kostnaður á móti námsstyrk. ÚY nr. 263/2005**

Kærandi sem er leikskólakennari fékk styrk vegna framhaldsnáms við Kennaraháskóla Íslands. Styrkurinn var talinn til skattskyldra tekna samkvæmt 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, en jafnframt var fallist á að kæranda bæri frádráttur beins kostnaðar samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003 frá umræddum styrk.

Kærandi lagði fram vottorð Kennaraháskóla Íslands um greiðslu skólagjalda og var fallist á frádrátt þeirra útgjalda frá umræddum styrk enda voru skólagjöldin vegna umrædds tekjuárs. Jafnframt lagði kærandi fram gögn um bókakaup frá öðru ári og var ekki fallist á að þau útgjöld gætu komið til frádráttar styrknum, sbr. meginreglur um tímaviðmiðun rekstrarútgjalda.

### **Virðisaukaskattur. Endurgreiðsla til opinberra aðila - almenn skrifstofuþjónusta, myndkort. ÚY nr. 247/2005.**

Sveitarfélag óskaði endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptar þjónustu. Annars vegar vegna færslu bókhalds, gerð ársreiknings og endurskoðunar og hins vegar vegna afnotaréttar af myndkortum yfir sveitarfélagið, þar sem fram komu m.a. hæðarlínur.

Skattstjóri synjaði endurgreiðslu vegna færslu bókhalds og gerð ársreiknings á þeirri forsendu að sú þjónusta teldist til almenns skrifstofuhalds sveitarfélagsins og teldist því ekki í samkeppni við atvinnufyrirtæki í þessu sambandi skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

YSKN taldi að synjun endurgreiðslu yrði ekki byggð á þeirri forsendu og vísaði í því sambandi til niðurstöðu sinnar í úrskurði nr. 397/2004.

Skattstjóri synjaði einnig endur-

greiðslu vegna afnotaréttar af myndkortum á þeirri forsendu að eingöngu hefði verið um að ræða afnotarétt af gögnum úr gagnagrunni seljanda og að ekkert benti til þess að seljandi hefði sérstaklega hæðarmælt og hnitsett landsvæði sveitarfélagsins, eða unnið aðra sérfræðivinnu fyrir sveitarfélagið.

YSKN benti á að fram kæmi í samningi að afnotarétturinn væri takmarkaður við gerð skipulags á vegum sveitarfélagsins, til vinnslu lóða og landamerkja, til hönnunar gatna og lagakerfis þess, til söfnunar upplýsinga varðandi starfsemi sveitarfélagsins og til gerðar landupplýsingakerfis. Umrædd kort væru gerð af seljanda eftir loftmyndum hans. Taldi nefndin að í þeirri úrvinnslu fælist sérfræðipjónusta í skilningi 5. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 og að ekki skipti máli þótt vinnan hefði verið látin sveitarfélaginu í té í tölvutæku formi.

### **Virðisaukaskattur.**

#### **Endurgreiðsla til opinberra aðila - almenn skrifstofuþjónusta. ÚY nr. 248/2005.**

Sveitarfélag óskaði endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptar þjónustu. Samkvæmt sölureikningum eða undirgögnum þeirra var í flestum tilvikum um að ræða ýmsa þjónustu við uppsetningu hugbúnaðar eða lagfæringar á hugbúnaði.

Skattstjóri synjaði endurgreiðslu á þeirri forsendu að um væri að ræða almenna skrifstofuþjónustu, sem teldist ekki vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Með skírskotun til samkeppnissjónarmiða að baki endurgreiðsluákvæðinu væri endurgreiðsluréttur því ekki til staðar.

YSKN taldi að 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 248/1990 girti ekki fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri þjónustu sérfræðinga vegna slíkra verkefna.

### **Virðisaukaskattur.**

#### **Endurgreiðsla til opinberra aðila - Landskerfi bókasafna, rekstur tölvukerfis. Úrskurður nr. 249/2005.**

Sveitarfélag óskaði endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptar þjónustu. Ágreiningur málsins varðaði m.a. þjónustu sem sveitarfélagið keypti af Landskerfi bókasafna hf.

Skattstjóri taldi þá þjónustu ekki fela

í sér sérfræðipjónustu, hvorki tölvunarfræðinga né bókasafnsfræðinga, heldur áskrift á fastri þjónustu og/eða leigugreiðslur fyrir afnot af miðlægum gagnagrunni (bókasafnskerfi).

YSKN tiltók að í samningi sveitarfélagsins og Landskerfis bókasafna hf. kæmi fram að Lb veitti sveitarfélaginu afnot hugbúnaðarins Aleph500 með tilteknum skilmálum og innti af hendi sérfræðilega þjónustu við verkkaupa vegna rekstrar bókasafnskerfisins, sem m.a. fælist í uppsetningu á hugbúnaði og aðstoð við slíka uppsetningu, ýmsa sérfræðilega ráðgjöf, svo sem flutning gagna úr eldri kerfum, skýrslugerð og bókasafnsfræðileg atriði, svo og fæli þjónustan í sér þýðingu á hugbúnaði, kennslu á hugbúnað, hýsingu á hugbúnaði, afritatöku og rekstur þjónustuvefjar. Síðan segir nefndin: "Eins og fram er komið felst þjónusta Landskerfis bókasafna hf. að verulegu leyti í rekstri miðlægs tölvukerfis til að vista upplýsingar um safnkost, útlán og önnur atriði sem tengist rekstri bókasafna og lætur félagið bókasöfnum, sem kaupa þjónustu þess, í té aðgang að bókasafnskerfinu til að skrá bókfræðiupplýsingar og vinna úr þeim gögnum sem hér um ræðir. Sá hluti endurgjalds Landskerfis bókasafna hf., sem lýtur að þessum þætti í starfsemi félagsins, þ.e. þóknun vegna hugbúnaðarleyfis og rekstrar tölvukerfis, m.a. vegna hýsingar hugbúnaðar, vinnslu gagna (skýrslugerð) og öryggisafritunar, verður ekki talin sala á sérfræðipjónustu í skilningi 5. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 4. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990, og er því ekki unnt að fallast á endurgreiðslu virðisaukaskatts af hinni keyptu þjónustu að þessu leyti. Hins vegar má með vísan til framangreindrar skattfrákvæmdar fallast á að þjónusta fyrirtækisins sem felst í uppsetningu hugbúnaðar hjá kæranda og kennslu í notkun hans svo og leiðbeiningaþjónustu gagnvart kæranda falli undir endurgreiðsluheimild 5. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 5. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990. Sama er að segja um ráðgjöf varðandi bókasafnsfræðileg atriði. Tekið skal fram að ekki þykir skipta máli um endurgreiðslurétt kæranda þótt greiðsla fyrir þessa þjónustu hafi verið ákveðin sem föst mán-aðarleg fjárhæð".

# GUERNSEY



GUÐRÚN ÁSTA  
SIGURÐARDÓTTIR

Nýlega hófust viðræður stjórnvalda á Íslandi og Guernsey um upplýsingaskipti í skattamálum.

Guernsey, ein af Ermarsundseyjum, er ekki hluti af Stóra-Bretlandi, heldur er það sjálfstjórnsvæði sem er hluti af bresku krúnunni. Breska ríkisstjórnin ber ábyrgð á alþjóðlegum samskiptum, svo sem gerð tvísköttunar-samninga og samskipti við Evrópu-sambandið, auk varnarmála. Að öllu öðru leyti hefur Guernsey full yfirráð yfir innanlandsmálum, þar með töldum skattamálum. Breska ríkisstjórnin hefur samið um sérstök tengsl við Evrópu-sambandið fyrir Ermarsundseyjarnar og eyjuna Mön.

Umdæmið Guernsey tekur til eyjanna Guernsey, Alderney, Herm, Jethou og Sark. Alderney og Sark hafa sérstakt þing um innanlandsmálefni. Að því er varðar tekjuskatt er Guernsey í fyrirsvari fyrir allar eyjarnar að Sark og Jethou undanskildum, en þar er tekjuskattur ekki lagður á.

Einstaklingar eru tekjuskattsskyldir og greiða flatann skatt. Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi aðilar greiða einnig tryggingagjald. Skattfyrivöld og dómstólar byggja á dóma- og stjórn-sýsluframkvæmd Bretlands, þar sem það á við, við túlkun og framkvæmd skattalöggjafarinnar.

Gjaldmiðillinn er breskt pund (GBP).

## Einstaklingar

Um er að ræða tvær tegundir af búsetu á Guernsey: þeir sem dvelja þar án þess að hafa fasta búsetu og þeir sem eingöngu eða aðallega eru þar búsettir, þ.e. aðilar með takmarkaða skattskyldu annars vegar og ótakmarkaða skattskyldu hins vegar. Sérstakar reglur

gilda um skilgreiningu á búsetu og hefur þar áhrif tímalengd dvalar, fastur dvalarstaður og miðstöð viðskipta. Þeir sem hafa fasta búsetu á Guernsey eru skattlagðir af öllum tekjum, hvar sem þeirra er aflað. Þeir sem ekki hafa þar fasta búsetu en bera þar takmarkaða skattskyldu eru einungis skattlagðir af tekjum sem upprunnar eru á Guernsey, þó ekki af vöxtum af bankainnstæðum. Réttur til persónuafsláttar og frádráttar er miðaður við dvalartíma.

Við álagningu tekjuskatts eru allar tekjur hjóna lagðar saman og eiginmaðurinn er ábyrgur fyrir því að skila sameiginlegu skattframtali og að greiða skattana. Annað hjóna getur óskað eftir því að vera sérskattað og verður þá hvort hjóna um sig ábyrgt fyrir framtali og greiðslu skatta. Þessi skipting hefur engin áhrif á skattbyrði hjóna.

Tekjuskattur er lagður á allar tekjur og staðgreiðsla reiknuð af þeim. Tryggingagjaldi er einnig haldið eftir af launþegum. Hlunnindi svo sem húsnæði og notkun ökutækja eru skattskyld. Lífeyristekjur sem uppruna sinn eiga í Guernsey, til þeirra sem ekki eru búsettir á Guernsey, eru skattlagðar þar.

Einstaklingar sem stunda viðskipti eða starfa í félagi eru skattlagðir einungis af þeim tekjum sem þeir sjálfir afla í félaginu en ekki er um að ræða sameiginlega álagningu á félagið.

Söluhagnaður er almennt skattfrjáls, þó ekki hagnaður vegna sölu fasteigna. Skatthlutfallið er 10% og er lagður á mismun á upphaflega söluverðinu, sem er uppreiknað miðað við verðbólgu-stuðul, og söluverði.

Heimildir til frádráttar eru t.d. vegna viðskiptataps, vaxta, meðlaga, greiðslna í lífeyrissjóð, þóknana og greiðslna til líknarmála, enda sé gerður 4 ára samningur um framlög.

Persónuafsláttur er almennt frá GBP 8.000 (einstaklingur) til GBP 16.000. Hann er hærri hjá þeim sem eru 64 ára og eldri.

Barnabætur eru GBP 5.445 og eru greiddar til einstæðra foreldra eða giftra manna sem eiga óvinnufærar eiginkonur.

Tekjuskattshlutfallið er 20% og hefur verið óbreytt frá árinu 1964.

Skattárið er almanaksárið og framtölum er almennt skilað í janúar. Tekjuskattur er innheimtur í staðgreiðslu ásamt tryggingagjaldi sem innheimt er hjá launþegum. Tryggingagjald er frá 6% - 9,9% og miðast við tekjur.

Eignarskattar og erfðafjárskattar eru engir.

Tekjur erlendis frá eru almennt skattlagðar með þeim hætti að erlendur skattur er dreginn frá skatti á Guernsey (Credit-reglan). Í þeim tilvikum sem þessi regla gildir ekki er heimilt að draga greiddan skatt erlendis frá tekjum.

Persónuafsláttur þeirra sem dvelja tímabundið á Guernsey miðast við dvalartíma (fjöldi vikna).

Aðilar sem ekki eru búsettir á Guernsey greiða 20% skatt af tekjum sem aflað er þar, þó ekki af bankavöxtum.

## Lögaðilar

Ekki er um að ræða sérstakt kerfi um skattlagningu lögaðila, þeir eru tekjuskattsskyldir líkt og einstaklingar. Arður er ekki frádráttarbær frá hagnaði í skattalegu tilliti. 20% staðgreiðsluskattur er greiddur af hagnaði sem fyrirtækið getur síðan dregið frá tekjuskatti en ef staðgreiðsluskatturinn er hærri en tekjuskatturinn er hann endurgreiddur fyrirtækinu.

Allir aðilar sem heimilisfastir eru á Guernsey eru tekjuskattsskyldir, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, hlutafélag, sjóðir, einkahlutafélög eða einstaklinga. Eftirfarandi þrjú atriði ráða því hvort lögaðilar geti talist heimilisfastir:

1. Fyrirtæki er stofnað á Guernsey;
2. Framkvæmdastjórn og yfirráð yfir félaginu er í höndum stjórnenda sem búsettir eru á Guernsey;
3. Atkvæðaréttur hluthafa er nýttur af hluthöfum sem eru búsettir á Guernsey.

Lögaðilar greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað.

Almennt er kostnaður sem eingöngu er notaður við rekstur fyrirtækis frádráttarbær.

Vextir af lánum (ekki gerður munur á skammtímalánum og langtímalánum), greiðslur í lífeyrissjóði, 4 ára samningar um greiðslur til líknarstarfsemi (að hámarki GBP 1.500) greiðslur vegna hugverkaréttinda eru frádráttarbærar frá skattskyldum tekjum. Slíkar greiðslur sem greiddar eru aðilum sem ekki eru heimilisfastir á Guernsey eru einnig frádráttarbærar.

Engin sérstök ákvæði eru um mat á eignum. Samkvæmt almennt viðurkenndum bókhaldsreglum er verðmæti yfirleitt miðað við markaðsvirði.

Ekki er um að ræða sérstakan skatt á söluhagnað og hann er ekki hluti skattskyldra tekna.

Tap er yfirfæranlegt í ótakmarkaðan tíma ef um er að ræða sömu starfsemi.

Lögaðilar greiða 20% tekjuskatt og 20% staðgreiðsluskattur leggst á arð.

Ákvæði um alþjóðleg viðskiptafélög hafa gilt frá 1993. Geta bæði félög sem staðsett eru á Guernsey og erlend félög sótt um leyfi til að vera alþjóðlegt viðskiptafélag. Félagið verður tekjuskattskyld á Guernsey. Tekjuskattshlutfall

þessara félaga ræðst af hagnaði þeirra og getur hæst orðið 30%. Skattfyrivöld ákvarða hlutfallið og er það endurskoðað á 5 ára fresti. Sérstakar reglur um staðgreiðsluskatt gilda um þessi félög. 20% skattur greiðist af arði en hann má þó draga frá tekjuskatti. Ekki er greiddur skattur af fjármagnstekjum. 20% skattur leggst á þóknarir og umboðslaun en unnt er að sækja um undanþágu frá greiðslu hans.

Samkvæmt sérstökum lögum er heimilt að veita alþjóðlegum bankastofnunum heimild til 90% lækkunar af hagnaði af alþjóðlegum lánaviðskiptum. Þannig lækkar skatthlutfallið úr 20% í 2%.

Sérstök ákvæði gilda um félög með takmarkað eignarhald en þau greiða einungis skatt af tekjum sem verða til vegna starfsemi á Guernsey.

Sérreglur gilda um endurtryggingafélög en þeim er undir sérstökum kringumstæðum heimilt að fresta skattlagningu og geta einnig, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sótt um að vera undanþegin skattskyldu.

Lífeyrissjóðir á Guernsey sem stofnaðir eru af aðilum sem ekki eru búsettir þar, til hagsbóta fyrir aðila sem ekki eru búsettir þar eru undanþegnir skattskyldu.

Tiltekin fjárfestingafélög geta sótt um undanþágu frá skattskyldu.

Skattárið er almanaksárið. Hagnaður og aðrar tekjur eru áætlaðar miðað við árið á undan við álagningu. Skattur er greiddur tvisvar á ári, 30. júní og 30. desember. Félögum ber skylda til að tilkynna sig til skattfyrivalda og liggja fjársektir við sé það ekki gert.

Fyrirtæki greiða hvorki launaskatt né eignarskatt.

Fasteignaskattar eru greiddir bæði til ríkisins og sveitarfélaga.

Guernsey hefur gert tvísköttunarsamning við Bretland.

### Virðisaukaskattur

Virðisaukaskattur, eða sambærilegur skattur, er ekki lagður á vörur eða þjónustu.



## Hefur þú kynnt þér rafræn skil til ársreikningaskrár?

Á þjónustusíðu [rsk.is](http://rsk.is) er boðið upp á rafræn skil á ársreikningum

### Kynntu þér málið

Allar nánari upplýsingar

má fá á

[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

➔ Rafræn skil - einföld skil



# ÞJÓNUSTU LUND

Eftirfarandi eru hugleiðingar fulltrúa hjá skattstjóranum í Reykjavík um kosti þess að fara á námskeið í þjónustu og samskiptum við viðskiptavinum opinberra stofnana.

Dag einn er umræddur fulltrúi skattstjórans í Reykjavík á vakt í viðtals- og þjónustubás, þegar þjalla hringir til merkis um að viðskiptavinur sé kominn í viðtal. Í viðtalsbás situr dökkhærður maður á miðjum aldri og bíður rólegur eftir afgreiðslu.

Maðurinn er í vinnuskyrtu með uppbrettar ermar. Fulltrúi býður góðan dag og innir eftir erindi mannsins. Í ljós kemur að hann er rússneskur og talar ekki íslensku og er lítt mæl- andi á ensku. Samskiptin fara því að mestu leyti fram á tákn- máli og reynir fulltrúinn eins og hann getur að aðstoða manninn sem hefur að því er virðist verið með tvö skattkort í gangi á fyrra ári, sitt hjá hvorum launagreiðandanum. Fulltrúi bendir á tölvuskjáinn sér til hjálpar við útskýringarnar og maðurinn fer einnig að benda á skjáinn og spyrja.

Þessi nánd við manninn verður til þess að fulltrúinn kemst ekki hjá því að taka eftir því útundan sér að fram- handleggir mannsins eru útiteknir og sterklegir, hendurnar fagurskapaðar og stórar, ofanverðir handleggirnir eru þaktir dökkum hárum sem virðast vera mjúk viðkomu, eins og dökkur dúnn. Maðurinn ilmar viðkunnanlega, eins og eftir þvott með náttúrusápu t.d. ólífuolíusápu. Lyktin minnir full- trúann allt í einu á bóndann á bænum þar sem hún var í sveit sem ung stúlka forðum.

Hálfrar aldar minning, lýstur hana leiftursnöggt alveg

varnarlausu, um dökkhærðan glettinn strák af næsta bæ sem kom til aðstoðar við heyskap í brakandi þurrki og um útreiðatúr með þessum glettna strák um síðsumarkvöld. Hún er orðin rjóð í framan við þessar óvæntu minningar- glefsur úr fortíðinni, reynir að halda sér við efnið og aðstoða manninn sem er ekkert nema prúðmennskan og reynir að skilja hvað fulltrúinn er að útskýra. Þegar samtalinu, tákn- málsútskýringunum, er lokið réttir Rússinn prúði fulltrúanum hönd sína í kveðjuskyni og hönd fulltrúans hverfur inn í stóra og hlýja hönd mannsins sem þrýstir hana kurteislega.

Fulltrúinn sem var mjög veikur í hnjúnum eftir þetta viðtal flýtti sér að drykkjarvatnstankinum á ganginum og fékk sér ískalt vatn til að hressa sig á. Henni varð hugsað til nám- skeiðsins um þjónustu við viðskiptavinum opinberra stofnana, sem hún hafði nýlega verið á, en þar hafði verið fjallað vel og vandlega um erfiða viðskiptavinum en ekki vikið einu orði að því hvernig hægt væri að brynja sig fyrir yfirmáta kynþokka- fullum viðskiptavinum.

INGIBJÖRG  
EIRÍKSDÓTTIR

